



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð
í safnafræði**

Aflvaki safna í íslenskum samtíma
Menning, listir og fólk af erlendum uppruna

María Hjelm

Leiðbeinandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson prófessor
Febrúar 2025

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Aflvaki safna í íslenskum samtíma
Menning, listir og fólk af erlendum uppruna

María Hjelm

Lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði

Leiðbeinandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2025

Aflvaki safna í íslenskum samtíma.
Menning, listir og fólk af erlendum uppruna.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA prófs við félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2025 María Hjelm
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Akureyri, 2025

Formáli

Ritgerðin er hluti af meistaranámi í safnafræði við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Hún er 30 ECTS-einingar og notast er við APA-tilvísunarkerfi. Ég færi leiðbeinanda mínum Sigurjóni Baldri Hafsteinssyni bestu þakkir fyrir leiðsögn og gagnlegar ábendingar í hvívetna. Einnig vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í rannsókninni. Fjölskyldan mín fær kærar þakkir fyrir hlýjan stuðning og góð ráð á meðan á ritgerðarskrifum stóð. Sérstakar þakkir fær faðir minn fyrir yfirlestur. Að lokum vil ég þakka Katrínu og Vargi fyrir að gera lífið skemmtilegra á hverjum degi.

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar MA ritgerðar er að skoða tengsl safna við innflytjendur og fólk á flóttu, eða fólk af erlendum uppruna. Í samtímanum eru málefni þessara samfélagshópa ofarlega á baugi um heim allan og svo virðist sem velflestir hafi einhverja skoðun á tilvist og örlögum einstaklinganna. Fordóma gagnvart þessum samfélagshópum gætir víða sem skapar hættu á að einstaklingarnir upplifi andlega vanlíðan og skort á félagslegum tengslum. Fólksflutningar til Íslands eru tíðari nú en áður og samhliða því hefur skapast þörf fyrir að allir kimar samfélagsins aðlagist breyttri samfélagsgerð.

Fjallað verður um tilvist fólks af erlendum uppruna í samhengi við söfn, menningu og listir í hnattvæddum heimi sem samanstendur af fjölskrúðugum nútímasamfélögum sem einkennast í síauknum mæli af fjölmenningu. Verður það sett í samhengi við óvænt áhrifagildi lista og menningar, sem og safna, til þess að auka gagnger áhrif á félagslega samheldni, vellíðan og andlega heilsu.

Markmið ritgerðarinnar er að kanna hvert hlutverk safna er í íslensku samfélagi og hvernig starfsemi þeirra er háttað þegar kemur að því að mæta hópum fólks af erlendum uppruna. Rannsóknin er eigindleg þar sem tekin voru viðtöl við fulltrúa frá þremur söfnum á Íslandi: Listasafninu á Akureyri, Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands. Niðurstöðurnar voru greindar út frá fræðilegum grundvelli sem byggir á hugmyndum um atbeina safna til að efla félagslegt réttlæti og jöfnuð.

Rannsóknarniðurstöður sýndu fram á að söfnin eru meðvituð um áhrifastöðu sína í samfélaginu og þar af leiðandi mikilvægi þess að þau hugi að jaðarhópum. Auk þess sýndu niðurstöður fram á samræmi milli fræðilegrar orðræðu og þess hvernig söfnin haga starfsemi sinni til þess að taka utan um fólk af erlendum uppruna á Íslandi.

Abstract

This thesis investigates the relationship between museums in contemporary Iceland and individuals of foreign descent. Currently, the issues concerning people of foreign descent are prominent on a global scale. Prejudice against these communities is widespread, creating a risk that individuals are likely to experience a lack of social connections. Immigration to Iceland has become more frequent than in the past, leading to a need for all sectors of society to adapt to a fast-changing social structure.

This thesis will address the presence of people of foreign descent in relation to museums, culture, and the arts within a globalized context characterized by increasingly diverse contemporary societies. The unexpected impact of art and culture, as well as museums, on enhancing social cohesion, well-being, and mental health, will be contextualized.

This thesis aims to explore the role of museums in contemporary Iceland and the nature of their activities when addressing issues related to individuals of foreign descent. The research is qualitative and involves interviews with representatives from three museums in Iceland: the Akureyri Art Museum, the National Gallery of Iceland, and the National Museum of Iceland. The findings were analyzed using a theoretical framework for concepts of the agency of museums to promote social justice and equality.

The research findings indicate that the museums are aware of their influential position within society and consequently the importance of considering marginalized groups. Furthermore, the results demonstrate that there is a consistency between academic discourse and the operational practices in the museums aimed at embracing individuals of foreign descent in Iceland.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Útdráttur	6
Abstract	7
1 Inngangur	9
2 Hnattvæðing, fólksflutningar og fjölmenningsamfélög.....	13
3 Fólk af erlendum uppruna, andleg heilsa og vellíðan.....	16
4 Fjölmennig í íslensku samfélagi: sögulegt samhengi og samtíminn	20
5 Menning, listir og vellíðan í fræðilegu samhengi.....	23
6 Félagslegt hlutverk safna í samtímanum	29
7 Orðræða: Fjölbreytileiki í sýningargerð og miðlun safna	35
8 Aðferðafræði.....	41
8.1 Gagnaöflun og þátttakendur	41
8.2 Framkvæmd	41
9 Niðurstöður.....	44
9.1 Menningarleg framsetning og menningararfur fólks af erlendum uppruna	44
9.2 Samfélagsþátttaka	48
9.3 Aðlögun fólks af erlendum uppruna og tungumál	52
9.4 Söfn sem örugg rými - vellíðan	54
9.5 Safnfræðsla og viðburðir	56
9.6 Stefnumál og söfn sem málsvarar fólks af erlendum uppruna	60
10 Umræða og lokaorð	64
Heimildaskrá.....	71

1 Inngangur

Undanfarið hefur umræðan um innflytjendur og fólk á flóttu verið í algleymingi. Þar sem tilteknir samfélagshópar eru fjölmargir og samansettir af einstaklingum sem koma úr mismunandi aðstæðum með fjölbreytilega lífaða reynslu, þá verður hér til hægðarauka notast við *fólk af erlendum uppruna* um þá einstaklinga sem tilheyra þessum hópum. Samhliða hnattvæðingu, loftslagsbreytingum, fjölþættum átökum og almennum glundroða víða um heim í seinni tíð, hefur mannkynið í heild sinni orðið vitni að gerbreyttri samfélagsgerð, þar sem hópur fólks af erlendum uppruna á heimsvísu stækkar ört (Lannes og Rhodes, 2019). Sá gríðarlegi fjöldi fólks sem er á vergangi vegna stríðsátaka, ásamt þeim hópi sem flyst á brott frá heimalandi sínu í leit að atvinnu eða betri lífsskilyrðum, er fordæmalaus (Network of European Museum Organisation, 2016, bls. 3).

Í mörgum heimshornum eru atvinnumöguleikar fólks til framfærslu og farsældar takmarkaðir af ýmsum ástæðum, til að mynda stríðs- og efnahagsþrengingum sem stuðla að því að fólk neyðist til þess að rífa líf sitt upp með rötum í heimalandinu í von um betri lífsskilyrði, eða einfaldlega mannsæmandi lífskjör, í öðrum löndum (Giglioli, 2016). Afleiðingar sem fylgja slíku ástandi geta meðal annars ýtt undir glundroða, upplausn og sundrunu í alþjóðasamfélaginu. Af þeim ástæðum og til þess að koma í veg fyrir þess konar þróun, hefur í raun sjaldan verið jafn mikilvægt fyrir einstaklinga, jafnt sem stofnanir, um heim allan að taka höndum saman og leggja sitt af mörkum þegar kemur að því að finna viðeigandi farveg til þess að halda utan um þann hóp fólks sem leitar sér bjargar í nýjum samfélögum. Að mati Alþjóðlegu fólksflutningastofnunarinnar ber samfélögum í heild sinni að leitast við að þróa heildrænar aðferðir til þess að aðlagast breyttum tímum með mannúðar- og mannréttindasjónarmið að leiðarljósi (International Organization for Migration, e.d.).

Þegar einstaklingar flytjast frá heimalandi sínu og í nýtt samfélag þarf að eiga sér stað ákveðið aðlögunarferli (e. *integration*). Aðlögun á sér stað bæði hjá einstaklingunum sjálfum sem og í samfélaginu sem tekur við þeim, þar sem þau halda enn í sína eigin menningu en læra á sama tíma að lífa í nýju umhverfi, taka upp nýja siði, læra nýtt tungumál og falla inn í nýtt menningarumhverfi (International Organization for Migration,

2012). Árið 2007 lagði Ríkisstjórn Íslands fram samþykka stefnu um aðlögun fólks af erlendum uppruna að íslensku samfélagi. Þar kemur meðal annars fram að aðlögun að íslensku samfélagi felist að miklu leyti í kunnáttu í íslenskri tungu og að það sé í raun lykillinn að aðlögun fólks af erlendum uppruna (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Með því að nálgast málefni þessara samfélagshópa á máta sem einkennist af samkennd og aðlögun, má leiða að því líkum að fólki líði betur og að samfélagslegur auður aukist. Einstaklingar sem af einhverjum ástæðum neyðast til þess að flytjast búferlum og hefja búsetu í nýju landi eru einkar berskjaldaðir og lifa iðulega við lakari lífsgæði en aðrir. Það birtist til dæmis í því að tilteknir samfélagshópar eiga á hættu að upplifa frekar einmanaleika, félagslega einangrun og andlega vanlíðan en aðrir, sem getur haft langvarandi líkamleg og andleg áhrif. Slíkir þættir gera vart við sig og herja í framhaldinu á sálartetrið vegna áfalla af ýmsu tagi sem fylgja því að flytjast frá heimalandinu sínu, leggja á flóttu undan stríðsástandi eða einfaldlega að kynnast hvunndeginum sem tekur við í nýju samfélagi (Löbel o.fl., 2022).

Ein afleiðing aukinna fólksflutninga á milli heimshluta er sú að með nýjum hópum fylgir óhjákvæmilega ný þekking; nýjar hugmyndir, upplýsingar og síðast en ekki síst ný menning. Söfn sem mennta- og menningarstofnanir eru þekkingarmiðstöðvar, ásamt því að vera partur af grunnstoðum menningarlífsins, og hafa fyrrnefndir fólksflutningar því orðið að viðfangsefni safna. Í samtímanum er megináhersla lögð á samfélagslegt hlutverk safna og það hvernig þessar stofnanir geti mætt þverskurði af samfélaginu, en ekki einungis lokuðum einsleitum hópi eins og hefur alla jafna tíðkast. Menning og listir, þar með talin söfn, búa yfir aðstæðum, mannauði og reynslu til þess að efla samkennd og ýta undir vellíðan í samfélaginu (Network of European Museum Organisations, 2016, bls. 6). Þegar þetta tiltekna vægi þessara áðurnefndra þátta er sett í samhengi við málefni fólks af erlendum uppruna verður ljóst hversu mikilvægt það er að söfnum verði fundinn farvegur til þess að mæta þessum ört vaxandi hópi fólks. Íslenskt samfélag, ásamt söfnunum hér á landi, er ekki undanskilið þessari áskorun.

Í samhengi við þá orðræðu sem hefur verið reifuð hér að ofan verður leitast við að varpa ljósi á það hvað söfn á Íslandi eru að gera til þess að koma til móts við fólk af erlendum uppruna. Það verður gert út frá niðurstöðum úr viðtölum við viðmælendur frá Listasafninu á Akureyri, Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands. Enn fremur verður

kannað hvort unnt sé að spegla starfsemi safnanna í fræðilegri orðræðu um áhrifamátt menningar, listarinnar og safna til þess að ýta undir félagslegt réttlæti og samkennd. Auk þess að veita vellíðan og minnka fordóma innfæddra í garð aðfluttra með því að beina sjónum að þessu þjóðfélagslega meini, sem fordómar í garð þessara hópa er, og þannig ýta undir vitundarvakningu um málefni fólks af erlendum uppruna. Sá fræðilegi grundvöllur sem stuðst er við byggir á hugmyndum um sýnileika, fjölbreytileika, fjölmenningu, inngildingu og aðlögun. Auk þessara þátta verður umræðan sett í samhengi við mikilvægi félagslegrar samheldni og aðgætt hvaða tækifæri söfn hafa til þess að koma til móts við fólk af erlendum uppruna, með því að bæta samfélagsgerðina og byggja upp rými þar sem áherslan er á inngildingu.

Til að byrja með, í öðrum kafla, er fjallað um áhrifaþætti hnattvæðingar, aukningu í fólksflutningum um heim allan og óhjákvæmilega tilkomu fjölmenningsamfélaga í nútímanum. Í þriðja kafla er gefin yfirsýn yfir tilvist fólks af erlendum uppruna og það speglað í mikilvægi góðrar andlegrar heilsu og vellíðan. Í fjórða kafla er staðan á Íslandi skoðuð í samhengi við fortíð og nútíð. Í fimmta kafla er rýnt í áhrifamátt menningar og lista þegar kemur að því að hafa jákvæða verkun á andlegt ástand, ýta undir samkennd og vellíðan, ásamt því að styrkja og byggja upp sjálfsmynd einstaklinga, veita tilfinningu um öryggi, skapa aðstæður þar sem einstaklingar geta sett sig í spor annarra og upplifað það að tilheyra. Fjallað er um félagslegt hlutverk safna í samtímanum í sjötta kafla og í framhaldi af því, í sjöunda kafla, er hlutverk safna sett í samhengi við fræðilega orðræðu um inngildandi safnastarfsemi þegar kemur að því að setja fram sögu og tilvist jaðarhópa, eins og fólks af erlendum uppruna, innan veggja safna. Í áttunda kafla er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar, sem er eigindleg rannsóknaraðferð. Auk þess er fjallað um gagnaöflun, þátttakendur og framkvæmd rannsóknarinnar. Kafla níu er skipt upp í sex undirkafla þar sem umræðan afmarkast við eftirfarandi meginþemu: *menningarleg framsetning og menningararfur fólks af erlendum uppruna; samfélagsþátttaka safna; aðlögun fólks af erlendum uppruna og tungumál; söfn sem örugg rými; safnfræðsla og viðburðir; stefnumál safna og söfn sem málsvarar fólks af erlendum uppruna*. Þar eru niðurstöður úr viðtölum við fulltrúa frá Listasafninu á Akureyri, Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands kynntar í samhengi við fræðilegan grundvöll. Þar kemur fram að söfnin eru meðvituð um samfélagslegt hlutverk sitt og virðast átta sig á væginu sem fellst

í því að koma til móts við alla samfélagshópa. Auk þess má greina að sú starfsemi safnanna sem miðar sérstaklega að hópi fólks af erlendum uppruna á Íslandi má spegla í fræðilegum grundvelli sem fjallað er um í fyrri hluta ritgerðarinnar. Að endingu eru umræður og lokaorð dregin saman í tíunda kafla, niðurstöður eru settar í samhengi við fræðilega umfjöllun og ályktanir dregnar þar af.

2 Hnattvæðing, fólksflutningar og fjölmenningsarsamfélög

Hnattvæðingin hefur orðið til þess að fjölmenningsarsamfélög spretta upp hvarvetna og í raun má segja að mannkynið búi nú í einu stóru alþjóða samfélagi. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa er að heimsmyndin hefur breyst í einn umsvifamikinn og opinn markað sem tekur til alls heimsins og þýðir að viðskipti og önnur tengsl milli ólíkra heimshorna eru orðin daglegt brauð. Slík þróun hefur leitt til þess að heimsbyggðin í heild sinni er nú orðin samþættaðri en áður, þar sem viðskipti og samskipti þvert á landsvæði og heimsálfur hafa aldrei verið meiri, hraðari og á margan hátt einfaldari. Auk þess má greina áhrif hnattvæðingarinnar á samfélög samtímans þegar litið er til þess að landamæri eru nú að sumu leyti opnari en nokkru sinni fyrr. Á sama tíma hefur þessi þróun á aukinni samtengingu mannkynsins einnig alið af sér meiri umsvif í fólksflutningum og hefur það eitt og sér leitt til frekari aðgangstakmarkana og aukins eftirlits á landamærum (Abungu, 2019).

Orsakir fjölgunar í þeim hópi fólks sem er þvingað til þess að leggja á flóttu, eða þeirra sem flytjast til annarra landa af öðrum ástæðum, eru fjölþættar (European Commission, 2015). Að undanfögnu hefur orðið uppsveifla í framrás öfgahægri stjórnmalaflokka víða og þá sér í lagi í Evrópu. Í því samhengi færast þunginn í umræðunni gjarnan yfir á málefni fólks af erlendum uppruna og stjórnmalafólk beitir tilvist þess sem pólitísku verkfæri í kosningabaráttu, til dæmis með því að hvetja til sameiningar í mótstöðu gegn þessum samfélagshópum. Í framhaldinu af slíkri orðræðu sem einkennist af hræðsluáróðri fer ákveðinna fordóma gjarnan að gæta í samfélaginu sem birtast einkum og sér í lagi í auknu andófi meirihlutans í garð fólks af erlendum uppruna (International Organization for Migration, 2024a).

Samkvæmt gögnum Sameinuðu þjóðanna eru sem stendur um það bil 281 milljón manns á flóttu eða á vergangi í heiminum. Þetta er fordæmalaus fjöldi sem orsakast að mestu leyti af óhugnanlegri þróun í alþjóðasamfélaginu og birtist meðal annars í ýmiskonar átökum, auknu ofbeldi og mannréttindabrotum, sundrunu, pólitískum og efnahagslegum óstöðuleika og útbreiddri einstaklingshyggju. Einnig hafa

loftslagsbreytingar og aðrar náttúruhamfarir áhrif á hreyfingu fólks landa og heimsálfa á milli (International Organization for Migration, 2024b). Sem stendur geisa átök víða um heim og einstaklingar sem eru á flóttu og leita skjóls í nýjum löndum eru eins mismunandi eins og þeir eru margir. Sem dæmi um hve víðtækt og alvarlegt ástandið er má nefna stríðsátökin á milli Rússlands og Úkraínu, en auk þess geisar stríð í Ísrael og á Gasasvæðinu, í Jemen, Lýðræðislýðveldinu Kongó, Súdan, Eþíópíu og Mjanmar. Enn fremur er stór hópur flóttafólks á vergangi víða um heim, til dæmis í Pakistan, Filippseyjum, Kína, Indlandi, Banglades, Brasilíu, Tyrklandi, Sýrlandi og í Kólumbíu, af völdum loftslagsbreytinga og náttúru- og veðurhamfara (International Organization for Migration, 2024a).

Vegna þessa ástands hefur skapast brýn þörf á að bæta og breyta ýmsum kimum í öllum samfélögum samtímans svo að sem flestir einstaklingar lifi við mannsæmandi lífsskilyrði. Mikilvægi þess að taka á móti fólki af erlendum uppruna og veita þeim aðgang inn í ný samfélög eins og öðrum, snertir ekki einungis hvert samfélag fyrir sig, heldur er það hluti af miklu stærri mynd; heimsmyndinni. Með því að leggja áherslu á að mæta öllum þeim fjölbreyttu samfélögum sem byggja upp plánetuna Jörð með mannúð að leiðarljósi og frið og velmegun að markmiði, er í raun á sama tíma verið að finna leiðir til þess að fylgja, eða halda í við, óhjákvæmilega þróun aukinnar hnattvæðingar. Slík nálgun er mótsvar við félagslegu kerfi sem byggir á fordómum, öðrun (e. *othering*), hugmyndum um „okkur“ á móti „hinum“, einstaklingshyggju og hatursáróðri (Abrams, 2010, bls. 6).

Líkt og fram hefur komið hafa áhrif af völdum hnattvæðingarinnar orðið til þess að mannkynið stendur frammi fyrir síbreytilegri heimsmynd. Þau miklu ítök sem útbreidd verslun og samskipti hafa á alþjóðlegum skala má í raun sjá alls staðar í alþjóðasamfélaginu. Þar eru söfn, ásamt öðrum mennta- og menningarstofnunum, ekki undanskilin. Með örum vexti hnattvæðingar síðustu ár og áratugi hafa í raun aðstæður safna og sú starfsemi sem á sér stað innan veggja þeirra gjörbreytst. Þegar kemur að umsýslu í kringum safneign og dagskrá safna í samtímanum er lögð áhersla á að þau rými sem sköpuð eru innan þessara stofnana einkennist enn frekar af fjölbreytileika, hreyfanleika, ólíkum hópum og mismunandi sjónarmiðum, en þau hafa gert hingað til. Auk þess hefur hnattvæðingin leitt til þess að samskipti þvert á menningarhópa eru orðin útbreiddur þáttur í starfsemi safna, en það skapar tækifæri til að bjóða safngestum upp á

upplifun þar sem skilningur og samkennd verða til þvert á landamæri, menningu og tungumál (Young, 1999, bls. 11).

Fylgifyiskur hnattvæðingarinnar í samhengi við mennta- og menningarstarfsemi safna birtist þannig meðal annars í því að það hefur orðið auðveldara að verða við ákalli nýju safnafræðinnar til safna; að framsetning byggir á fjölbreyttari sjónarhornum, samfélagsþátttaka verði eflað og áherslan liggir á inngildandi nálgun í starfsemi safna (Krouse, 2006). Hugtakið inngilding (e. *inclusion*) hefur notið vaxandi vinsælda á Íslandi þegar kemur að umræðunni um fólk af erlendum uppruna, en hugtakið er notað til þess að lýsa „stefnu sem felur í sér að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, á vinnumarkaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur“ (Árnastofnun, e.d.). Inngildandi nálgun allrar starfsemi safna er í raun afar þýðingarmikill þáttur, sér í lagi þegar horft er til málefna sem snerta tilvist fólks af erlendum uppruna, sem og önnur jafnréttismálefni, þar sem hópur sýningargesta sem gerir sér leið inn á söfn á ári hverju er stór og afar fjölbreyttur. Samtíða framangreindri aukningu í menningarlegri fjölbreytni um heim allan geta söfn þannig fest sig í sessi sem vettvangur þar sem umræða sem byggir á þvermenningarlegum grundvelli á sér stað. Slíkt ýtir undir samkennd, skilning og virðingu gagnvart mismunandi samfélagshópum, fjölbreyttum sjónarhornum og menningu í samfélögum nútímans (Cheng o.fl., 2021, bls. 957).

3 Fólk af erlendum uppruna, andleg heilsa og vellíðan

Að upplifa ástand vellíðunar er ekki einungis spurning um að þrúka frá degi til dags, heldur snýst það um að tilveran í heild sinni einkennist af jákvæðri hugsun og uppbyggilegum viðhorfum til lífsins (Falk, 2022). Fólksflutningar geta haft djúpstæð áhrif á andlega heilsu og vellíðan einstaklinga og í framhaldinu sett mark sitt á velferð heilu samfélaganna. Sú fordæming sem fólk af erlendum uppruna verður iðulega fyrir í nýjum samfélögum, þar sem það freistar þess að koma sér fyrir og byggja upp nýtt líf, hefur oft en ekki neikvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu einstaklinga sem tilheyra þessum hópum (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 323). Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) er heilsa ekki einungis skilgreind úr frá líkamlegu ástandi einstaklings, til dæmis að lifa lífi án sjúkdóma og annarra veikinda. Þvert á móti er heilsa ekki síður skilgreind sem andlegt ástand sem einkennist af almennri vellíðan. Þættir eins og andleg og félagsleg heilsa hafa þanngi þungt vægi þegar kemur að vellíðan (World Health Organization, e.d.).

Fólk af erlendum uppruna stendur oft frammi fyrir margskonar hindrunum þegar kemur að því að flytja í nýtt samfélag og aðlagast nýju umhverfi, tungumáli, siðum, reglum og þar fram eftir götunum. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir að fólk sé í leit að betra lífi og flytji til landa sem eru talin örugg, til dæmis vegna fjarveru stríðsátaka eins og á vissulega við um „norræna velferðarríkið“ Ísland, þá fylgja oft annars konar áhættuþættir slíkum flutningum. Það er hin félagslega áskorun sem ber iðulega að höndum í framhaldinu af slíkum flutningsferlum og birtist í ýmsum sálrænum áskorunum sem tengjast andlegri heilsu þeirra einstaklinga sem leggja land undir fót (Cobb o.fl., 2019). Andleg vellíðan fólks af erlendum uppruna er alls ekki sjálfgefin og eru þessir einstaklingar taldir í sérstökum áhættuhópi þegar kemur að skorti á almennri vellíðan og lífshörum. Þá eru þeir einnig einkar berskjaldaðir gagnvart kvíða, félagslegri einangrun, einmanaleika, þunglyndi og áfallastreituröskun (World Health Organization, 2023). Tildrög og ástæður þessa eru að fólk af erlendum uppruna gengur alla jafna í gegnum erfiða lífsreynslu, verður vitni að miklu ofbeldi og dauðsföllum, það upplifir áhættusöm og torsótt ferðalög, auk þess að fjölskyldur og vinir skiljast iðulega að (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 325).

Það eru því margvíslegir áhrifaþættir sem geta haft neikvæða verkun á heilsu og félagsleg tengsl þeirra einstaklinga sem neyðast til þess að flytja eða flýja frá heimkynnum

sínum. Skyndilega er búið að kippa undan þeim fótunum, félagslegt stuðningsnet er í algjöru lágmarki eða horfið að öllu leyti, upplýsingaóreiða og einangrun einkenna tilveru þeirra og stór hópur missir sína nánustu. Sá hópur fólks sem neyðist til þess að leggja á flóttu frá stríðshrjáðum löndum upplifir oft en aðrir samfélagshópar kvíðavaldandi og einstaklega erfiða tíma sem skilja eftir sig sálræn áföll. Fyrir vikið getur vanlíðan eða jafnvel alvarlegri andleg veikindi tekið sig upp hjá tilteknum einstaklingum (Avei o.fl., 2023).

Í þessu samhengi má í raun líta svo á að líf og tilvera fólks af erlendum uppruna einkennist oft en ekki af tveimur aðskiljanlegum birtingarmyndum hindrana; annars vegar huglægum hindrunum og hins vegar hlutlægum hindrunum. Þetta má til dæmis greina í þeim tilfellum þar sem landamærum hefur verið skellt í lás af stjórnvöldum, en einnig í hátterni innfæddra gagnvart fólki af erlendum uppruna, þar sem þau loka á samskipti við þessa samfélagshópa og í framhaldinu möguleika þeirra á að mynda ný tengslanet. Slíkar hindranir má greina á öllum sviðum í lífi þessara einstaklinga, hvort sem þær tengjast inn í félagslega, menningarlega eða sálræna þætti, og verða til þess að þeir eru ekki álitnir fullgildir þátttakendur til jafns við aðra í samfélaginu. Þetta leiðir til þess að fólk af erlendum uppruna eiga minni möguleika á að lifa við mannsæmandi skilyrði (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 324).

Í ljósi umræðunnar sem greint hefur verið frá hér að ofan má sjá hvornig þættir eins og utanumhald, aðlögun og samfélagsleg inngilding fyrir þessa hópa eru einkar mikilvægir í samfélögum samtímans. Þó ekki nema til þess að heimsbyggðin samanstandi af einstaklingum sem upplifa sig hamingjusama og örugga. Má ekki ætla að slíkt samfélag, þar sem megin áherslan er á hagsmuni og mannsæmandi líf skjör fyrir alla samfélagshópa, sé samfélag sem einkennist af samheldni og góðvild í garð náungans, en mótist ekki af ofbeldi og sundrunu?

Einmanaleiki er eitt þeirra algengu fyrirbæra sem hrjá marga í hröðu samfélagi nútímans, en fólk af erlendum uppruna eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að einmanaleika og félagslegri einangrun. Þessi hópur er oft nauðbeygður til þess að byrja líf sitt að öllu leyti upp á nýtt; mynda ný tengsl, læra nýtt og oft framandi tungumál, aðlagast nýjum mannlegum samskiptum, ásamt því að kynna nýrri menningu. Það getur því reynt torvelt ferli að ætla að setjast að í nýju samfélagi og aðlagast ókunnunni umhverfi,

en þá fara þættir eins og einmanaleiki og félagsleg einangrun að gera vart við sig. Einmanaleiki getur haft mismikil áhrif á líf einstaklinga, en slíkt ástand lýsir sér oftast í tómleikatilfinningu og auknu sambandsleysi við ættingja, vini og annað fólk. Félagsleg einangrun lýsir sér hins vegar einfaldlega í skorti á félagslegum samskiptum og sambandstengslum við aðra (Löbel o.fl., 2022). Félagsleg einangrun er alvarlegt samfélagsmein sem hrjáir marga í samtíma okkar og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir ástandið sem „lýðheilsuvandamál til jafns við reykingar, ofneyslu áfengis, offitu og fleiri stórfelldar ógnir við almenna heilsu“ (Ísland, e.d.).

Það er því mikill ávinningur fólgin í því að undirbúa sem flesta kima samfélagsins til að bregðast við komu þessara hópa. Sem dæmi mætti byggja upp sterkt stuðningsnet sem næði yfir þverskurð samfélagsins og væri ætlað til þess að grípa nýkomna einstaklinga, með það að markmiði að draga úr hættu á einmanaleika og að styrkja félagsleg tengsl með ýmsum hætti. Innfæddir einstaklingar taka iðulega þátt í því að viðhalda stöðu aðfluttra einstaklinga úti í jaðrinum á samfélaginu, með því að setja þeim hindranir og koma í veg fyrir skilyrðislausa inngildingu, en það spyrnir gegn því að þau fái jöfn tækifæri til þess að mynda félagsleg tengsl (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 326). Það er mikilvægt að fólk af erlendum uppruna fái tækifæri til þess að aðlagast nýjum samfélögum, þar sem það byggir upp sjálfsmynd einstaklinga þegar þeir upplifa eina af grunnþörfum manneskjunnar, sem er að vera hluti af einhverju stærra, tilheyra ákveðinni menningu eða hópi, ásamt því að hafa hlutverk og tilgang í lífinu. Aftur á móti getur það valdið röskun í lífi einstaklinga á ótal vegu og haft neikvæð áhrif á andlega líðan þegar fólk neyðist til þess að rífa menningar- og félagslega sjálfsmynd sína upp með rötum (Stick o.fl., 2021).

Þannig hafa meiri fólksflutningar landa á milli, uppsveifla í hægri pólitík, umræða sem einkennist af auknu útendingahatri og stefnumál stjórnvalda sem sett eru fram í þeim tilgangi að jaðarsetja fólk af erlendum uppruna (ef þeim er hleypt inn í samfélagið yfir höfuð), skapað ákveðna orðræðu sem lýsir sér í mismunun og fordómum í garð þessara hópa. Fyrir vikið dregur fólk af erlendum uppruna sig í hlé, lætur lítið fyrir sér fara, einangrast frekar og verður einmana. Neikvæð viðhorf meirihlutans geta komið í veg fyrir félagslega aðlögun og þegar orðræða sem einkennist af fordómum og sundrunu verður áberandi í samfélaginu hefur hún marktæk áhrif á gjörðir og háttalag almennings, sem

getur leitt til þess að fólk af erlendum uppruna upplifi firringu (e. *alienation*) (Radicalisation Awareness Network, 2019).

Mikilvægi þess að það ríki almennur skilningur í samfélaginu varðandi framangreindar orsakir, afleiðingar og umfang félagslegrar einangrunar og andlegrar heilsu þegar kemur að fólki af erlendum uppruna verður seint ofmetið. Slík vitundarvakning er í raun ómissandi þáttur þegar kemur að því að byggja grunn að víðtæku og nothæfu stuðningskerfi sem virkað getur sem mótsvar gegn þeim áhrifaþáttum sem leiða til félagslegrar einangrunar. Með því að efla félagsleg tengsl og hvetja til aukinnar samfélagsþátttöku geta einstaklingar, samfélög í heild sinni og þar með talið stofnanir innan þeirra, lagt sitt af mörögum við að draga úr þeim neikvæðu afleiðingum sem fylgja því gjarnan að þurfa að leggja á flóttu eða flytjast búferlum. Þannig eflist í raun samfélagið í heild sinni (Heu o.fl., 2020).

Málalyktir er varða félagsleg tengsl, andlega heilsu og almenn líf skjör einstaklinga af erlendum uppruna hafa verið grundvallaðar í mikilvægi þess að innleiða áætlanagerð sem hefur burði til þess að mæta mismunandi og ólíkum þörfum einstaklinga, á sama tíma og stuðlað er að félagslegri aðlögun í samfélaginu. Með því að skapa rými þar sem hlúað er að þessum einstaklingum, líkt og hægt er að gera innan veggja safna, þar sem andleg vellíðan og samkennd er sett í forgrunn, geta samfélög lagt sitt af mörkum þegar kemur að því að tryggja að fólk af erlendum uppruna þrífist á nýjum stöðum. Það má því álykta að samhliða umræddu ástandi í heiminum og ört vaxandi fjölda fólks sem neyðist til þess að yfirgefa heimalönd sín, er aðkallandi að forgangsraða félagslegri þátttöku og vellíðan þessara hópa.

4 Fjölmennning í íslensku samfélagi: sögulegt samhengi og samtíminn

Íslenskt nútímasamfélag einkennist af fjölbreytileika og er ekki eins einsleitt og það var áður fyrr. Þrátt fyrir að verða stöðugt fyrir sterkum áhrifum frá öðrum menningarheimum, hafa samfélagsgerðinni fylgt skýr menningarleg landamæri sem einkennast af þjóðernishugmyndum sem byggja á orðræðu um sérstæði hinnar íslensku tungu og „hreinleika“ þjóðarinnar vegna smæðar hennar og landfræðilegrar einangrunar. Þetta hefur ýtt undir hugmyndir um Íslendinga sem eina heild af einstaklingum sem bera eins eða svipuð karaktereinkenni og gerir það erfiðara fyrir utanaðkomandi fólk sem er ekki af íslenskum uppruna að fá tækifæri til þess að aðlagast samfélaginu. Einkenni og umtöluð sérstaða hinnar íslensku tungu spila stórt hlutverk í því að viðhalda hugmyndum um hverjir geta talist til Íslendinga; hverjir fá tækifæri til þess að tilheyra íslensku samfélagi og hverjir ekki. Í þessu samhengi má greina hugmyndir sem byggja á því að tungumálið sé ákveðinn lykill að samfélaginu. Tilteknar hugmyndir ganga í raun út á það að skipta fólki upp í hópa út frá því hverjir eru færir um að lesa og skilja tungumálið og þar með talið fyrstu skrifuðu rit hins íslenska samfélags, eða grunn íslenskrar þjóðmenningar- og sameiningar: Íslendingasögurnar (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2009, bls. 208).

Fordómar á grundvelli uppruna eða kynþáttar gera vart við sig í íslensku samfélagi eins og annars staðar og má greina bæði úti í samfélaginu, háttalagi fólks og í orðræðu, en ekki síður í innra kerfi samfélagsins, til dæmis í stefnumótun stjórnvalda (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019, bls. 20). Hugmyndin um og meiningin á bak við *fjölmenningsamfélag* hefur verið notuð í íslensku samhengi í kjölfarið af auknu streymi fólks af erlendum uppruna til landsins og meiri menningarlegri fjölbreytni, til þess að leggja áherslu á mikilvægi þess að mæta þessum nýju samfélagshópum með skilningi og virðingu (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2009, bls. 210).

Það var ekki fyrr en árið 1995 sem Félagsmálaráðuneytið lét útbúa aðgerðaráætlun í tengslum við málefni fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Í framhaldinu varð til fyrsta aðlögunarstefnan í þessum málaflokki hér á landi, þrátt fyrir að íslenskt samfélag hafi tekið á móti fólki af erlendum uppruna síðan árið 1956. Aðlögunarstefnan er enn við lýði og þar er fjallað um öll mál er koma inngildingunni og aðlögun fólks af erlendum uppruna í

íslensku samfélagi við (OECD, 2024). Síðar meir var lagt fram frumvarp til laga um málefni innflytjenda árið 2012 og var það í framhaldinu samþykkt sama ár á Alþingi (lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012).

Líkt og komið hefur fram hefur íslenskt samfélag einkennst af því að vera nokkuð einsleitt (e. *homogeneous*) í sögulegu samhengi. Undir áhrifum frá hnattvæðingu, eftirsóknarverðum efnahagslegum tækifærum á Íslandi, sem og landfræðipólitískum áhrifaþáttum annars staðar í heiminum eins og t.d. stríðsástandinu í Úkraínu og Rússlandi, hefur Ísland hins vegar orðið að áfangastað fyrir fólk af erlendum uppruna í mun ríkara mæli en áður (Bjarnason o.fl., 2019). Eftir innrás Rússlands í Úkraínu árið 2022 hefur til að mynda umsækjendum frá Úkraínu um alþjóðlega vernd á Íslandi fjölgað sérstaklega mikið (Stjórnarráðið, 2024a). Umræðan um að Ísland sé orðið að fjölmenningsamfélagi þar sem menningarleg fjölbreytni ræður ríkjum má til sannsögu færa þegar litið er til þess að sá hópur sem er af erlendum uppruna á Íslandi hefur þrefaldast á síðustu 10 árum (Hagstofa Íslands, 2024) og óumflýjanlega sett svip sinn á íslenskt samfélag á marga vegu. Árið 2024 voru erlendir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi u.þ.b. 80.000 manns sem gera rúm 20% af heildarfjölda landsbúa á Íslandi. Pólskir ríkisborgarar hafa lengi talið stærsta hópinn og gera það enn sem stendur, en nú búa um það bil 26.500 einstaklingar af pólskum uppruna á Íslandi (Þjóðskrá, 2024).

Samkvæmt nýrri skýrslu OECD (e. *Organisation for Economic Co-operation and Development*) fyrir árið 2024 hefur fólk af erlendum uppruna fjölgað hlutfallslega mest á Íslandi síðasta áratuginn þegar litið er til þeirra þrjátíu og átta ríkja sem falla undir OECD. Hins vegar skorar Ísland lægst af öllum OECD ríkjunum þegar horft er til þess sem er einna þýðingarmest í samhengi við inngildingu fólks af erlendum uppruna og það er að ná grunntökum á móðurmálinu í því landi sem einstaklingur flytur til, sem í þessu tilfalli er íslenska tungan (OECD, 2024). Eins og áður kom fram er tungumálið iðulega talið vera lykillinn að samfélagi sem annars getur virkað lokað fyrir samfélagshópum sem hyggjast flytja til nýrra og ókunnra slóða. Það tengist og hefur áhrif á allar hliðar tilveru fólks af erlendum uppruna, hvort sem um er að ræða atvinnutækifæri, menntun, uppbyggingu félagslegra tengsla, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, jöfn tækifæri til almennrar dægrastyttingar og síðast en ekki síst tækifæri til þess að upplifa menningu og listir (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019, bls. 15).

Á Íslandi byggir stefna í flóttamannamálum á samningi um samræmda móttöku flóttafólks sem nær til sveitarfélaga um land allt og fjallar um hvernig stuðningi við þessa hópa af fólki af erlendum uppruna skuli háttað. Móttaka, þjónusta og önnur afskipti af fólki af erlendum uppruna er ávallt fyrst og fremst á ábyrgð stjórnvalda, en í framhaldinu þarf samfélagið í heild sinni að taka á móti þeim (Stjórnarráðið, 2024a). Hins vegar er staðan sú að umræðan í íslensku samfélagi hefur ekki verið einróma þegar kemur að því að takast á við málefni er varða einstaklinga af erlendum uppruna sem koma til landsins (Ásta Hlín Magnúsdóttir og Guðrún Sóley Gestsdóttir, 2024).

Hleypidómar og mögulega þekkingarleysi hefur leitt til þess að iðulega gleymast atriði eins og að það geti orðið verulegur efnahagslegur ávinningur af því að taka á móti þessum hópum fyrir samfélög. Ísland hefur þannig átt í töluverðum vandræðum við að finna leiðir til aðlögunar og staðið frammi fyrir áskorunum þegar kemur að félagslegri samheldni í tengslum við fólki af erlendum uppruna sem leitast eftir því að dvelja á Íslandi. Innfæddir hafa lýst áhyggjum yfir þáttum eins og menningarlegri aðlögun (e. *cultural integration*) og mikilvægi þess að vernda íslenska sjálfsmynd (e. *identity*). Rannsóknir benda einnig til þess að þrátt fyrir að stór hópur landsmanna telur sig vera jákvæðan gagnvart því að taka vel á móti fólki af erlendum uppruna, þá má samt sem áður greina undirliggjandi togstreitu í samfélaginu, sem má meðal annars rekja til menningarbundins mismunar (e. *cultural differences*) og samkeppni í atvinnulífinu (e. *economic competition*) (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir, 2020).

5 Menning, listir og vellíðan í fræðilegu samhengi

Rými eins og söfn, sem eru fleytifull af menningu og ýmis konar listsköpun, geta tekið virkan þátt í að bregðast við auknum áhrifum fólksflutninga með því að móta starfsemi sem gengur út á að efla og hvetja umrædda samfélagshópa til þátttöku í samfélaginu. Í því samhengi má fyrst og fremst gæta að því hvernig aðgangur að menningar- og listtengdri starfsemi er í rauninni, til dæmis hvort það sé jafnt milli ólíkra hópa í samfélaginu. Í framhaldinu má skoða hversu mikið vægi aðgangur að slíkri starfsemi hefur og hvort listir og menning geti haft marktæk félagsleg og sálræn áhrif á einstaklinga sem hafa upplifað sálræn áföll og eru almennt í viðkvæmri stöðu. Enn fremur má rýna í hvort stofnanir eins og söfn geti mögulega minnkað áhrifagildi neikvæðu þáttanna sem fylgja iðulega því að vera á flóttu frá stríðsástandi, því að vera utangarðs í nýju samfélagi, sem og mörgu öðru er ógnar öryggi einstaklinga. Þannig má færa félagslega virkni, andlega heilsu og almenna vellíðan þeirra til betri vegar. Spurningin er þá hvort menning og listir búi mögulega yfir einhverri sérstöðu og geti liðsinnt fólki af erlendum uppruna með því að leggja áherslu á inngildandi starfsemi og félagslegt réttlæti.

Með menningu og listum er hér átt við þverskurð af öllum listformum, hvort sem það er dans, leikhús, myndlist, gjörningalist, bókmenntir, handverk, tónlist og þar fram eftir götunum. Sýnt hefur verið fram á að mikill meirihluti þeirra sem hafa almennt aðgengi að og njóta endrum og sinnum lista- og menningartengdra viðburða upplifa mikla vellíðan á meðan á því stendur, eða líti jafnvel svo á að megin ástæða þess að sótt sé í slíka viðburði sé fyrst og fremst til þess að bæta andlega heilsu. Þau jákvæðu og uppbyggilegu hugrenningatengsl sem myndast við það að vera í nálægð við listir og menningu, eiga hvoru tveggja við áhorfendur sem og þá einstaklinga sem taka þátt í að skapa listina (Oliver og Murray, 2007).

Aðgengi að menningu og listum hefur í raun sannað hið fornkveðna – að listin bæti og kæti – en rannsóknir hafa sýnt að slíkt hefur jákvæð áhrif á andlega heilsu, ýtir undir samkennd, betrumbæti félagsleg samskipti, auki skilning á milli mismunandi hópa og veiti almennt aukna vellíðan. Raunar eru viðfangsefni sem tengjast menningu og listum talin einn af meginþáttum þess sem styrkir almenna andlega vellíðan í samfélögum nútímans, á eftir augljósum þáttum sem tengjast bættum lífskjörum einstaklinga eins og líkamleg heilsa og fjarvera sjúkdóma, að eiga öruggan samastað og hafa tækifæri til atvinnu og

menntunar (Grossi o.fl., 2012). Inni á vef *Heilsuveru* er rennt stoðum undir mikilvægi andlegrar heilsu en þar segir meðal annars að „allir vilja upplifa vellíðan í eigin lífi“ og efst á lista er mikilvægi þess að mynda félagsleg tengsl við annað fólk, þar sem þau tengsl eru sögð hornsteinar í lífi allra einstaklinga (Heilsuvera, e.d.). Það eru þessi tilteknu tengsl sem söfn hafa tækifæri á að bjóða einstaklingum úr öllum lögum samfélagsins að rækta og hlúa að.

Hlutverk safna í tengslum við ýmis heilbrigðismálefni og ekki síst þau sem tengjast félagslegri virkni, á sér í raun nokkuð langa sögu. Seint á tíunda áratug síðustu aldar var byrjað að móta dagskrár og viðburðir að taka á sig mynd inni á söfnum, þar sem mesti þunginn var lagður í að koma til móts við jaðarhópa í samfélaginu og sér í lagi þá sem stóðu hvað berskjaldaðastir fyrir félagslegri einangrun. Megin markmið starfseminnar var að veita þessum einstaklingum örvun í gegnum hugrenningatengsl við listsköpun sem myndi leiða til vellíðunar og þannig hafa jákvæð áhrif á andlega heilsu þeirra í gegnum lista- og menningartengdar athafnir. Rannsóknir hafa sýnt fram á að slík þátttaka hefur jákvæð áhrif á þroska og ímyndunarafli einstaklinga og getur gengt því hlutverki að rjúfa félagslega einangrun, sem til dæmis fólks af erlendum uppruna býr oft við (Nolinske, 2024).

Söfn eru stofnanir sem almenningur ber alla jafna mikið traust til. Traustið eflist þegar söfn leggja áherslu á öflugna samfélagsþátttöku og þegar sýningargestir finna fyrir hvata til þess að mynda sér sínar eigin skoðanir. Í meginatriðum þýðir það að sýningargestir treysta því að þær upplýsingar um efnislegan og óefnislegan menningararf mannkynsins sem birtast þeim innan veggja safna séu byggðar á áreiðanlegum heimildum og efast því ekki um sannleiksgildi upplýsinganna (Hede o.fl., 2014). Þegar þetta er sett í samhengi við söfn sem málsvara samfélagslegs réttlætis og félagslegrar virkni verður ljóst hvernig þessar stofnanir hafa tækifæri til þess að efla þá þætti hjá gestum sínum.

John H. Falk hefur haldið því fram að grunnkraftur safna felist í því að veita fólki andlega vellíðan. Þannig leggur hann áherslu á að söfn beiti sér fyrir jákvæðum samfélagsbreytingum þar sem félagslegt réttlæti er eitt megin markmiðið. Á þann máta geta söfn raunverulega orðið félagslegt hreyfiafl í fjölmeningarsamfélögum 21. aldarinnar, ekki síst á tímum aukins hreyfanleika fólks. Með síbreytilegri heimsmynd er mikilvægt að starfsemi safna fylgi samfélagslegum breytingum og nýjum áskorunum sem

eiga sér stað hverju sinni. Ef rétt er farið að geta orðið til rými innan þessara stofnana sem veita sýningargestum tækifæri til þess að mynda tengsl við gripi safneignarinnar og upplifa tilfinningar um að tilheyra í stærra samhengi (Falk, 2021).

Þannig eru meginhugmyndirnar í skrifum Falk að söfn hverfi frá því hefðbundna hlutverki þeirra að einungis safna áþreifanlegum menningararfi (til dæmis gripum, bókum og list), sem og óefnislegum menningararfi (til dæmis lifandi hefðum, tungumáli og þekkingu) mannkynsins sem var iðulega valinn út frá trúarlegu eða sögulegu vægi þröngs hóps, ásamt því að varðveita það sem var safnað, rannsaka það og að lokum sýna, annað hvort til þess að hafa skemmtun af því eða í fræðslutilgangi (Cardoso o.fl., 2024). Samkvæmt Falk er slík starfsemi ekki lengur í samræmi við þarfir fjölmeningarsamfélaga nútímans. Öllu heldur eru söfn stofnanir sem styrkja félagsauð og virka sem fyrirbyggjandi afl gegn félagslegri einangrun, ásamt því að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi, sem og að veita vellíðan og öryggi (Falk, 2021). Falk skiptir birtingarmynd aukinnar vellíðunar í samhengi við söfn upp í fjóra hluta:

- Persónuleg vellíðan: Söfn ýta undir aukinn áhuga, forvitni og ígrundun hjá safngestum. Það styrkir atbeina einstaklingsins og sjálfsmynd. Auk þess ýta söfn undir tilfinningar um aukna samtengingu milli einstaklinga, almennt þakklæti, grunnþörfina fyrir að fá að tilheyra, ásamt jafnvægi milli manneskjunnar og umhverfisins. Slík hugrenningatengsl eru almennt jákvæð, jafnvel ánægjuleg, og ýta undir vellíðan og öryggistilfinningu.
- Vitsmunaleg vellíðan: Söfn geta aðstoðað safngesti við að setja þær hugmyndir, gildi og viðmið sem hafa verið ráðandi í lífi þeirra í stærra samhengi. Þannig geta þau kallað fram þakklæti fyrir (jákvæðu) hliðar mannkynssögunnar og alls þess sem mismunandi einstaklingar hafa skapað í gegnum aldirnar. Ákjósanlegasta atburðarásin væri síðan að slík upplifun vitsmunalegrar vellíðunar myndi þjóna sem leiðarvísi að betri, upplýstari og frjósamari samfélagsgerð.
- Félagsleg vellíðan: Söfn ýta undir tilfinninguna um að tilheyra, hvort sem það er að tilheyra fjölskyldu, vinahópi, samfélagshópi eða hópi í enn stærra samhengi. Þegar þess konar tilfinningar verða til inni á söfnum telur Falk að það veiti safngestum betri félagslega stöðu og ákveðna virðingu.
- Líkamleg vellíðan: Í sögulegu samhengi eru söfn talin örugg, heilsusamleg og endurnærandi umhverfi þar sem einstaklingar fá tækifæri til þess að koma saman og eiga í samskiptum við hvert annað, vinna í eigin tilfinningum, taka þátt í gagnvirku framboði safna og njóta þess án utanaðkomandi og jafnvel kvíðavaldandi þátta (Falk, 2021; Falk, 2022, þýðing mín).

Söfn eru fjölsóttar menningarstofnanir og má segja að þau séu hluti af andardrætti samfélagsins. Það gefur því augaleið að það er stór og fjölbreyttur hópur jarðarbúa sem að verður vitni að og upplifir þær upplýsingar og þá gripi sem birtast innan veggja safna. Í þessu liggur mikið vald og þar af leiðandi er það þýðingarmikið að söfn leggi áherslu á að skapa rými sem býður upp á upplifanir er byggja á inngildandi nálgun, sýnir fjölbreytt sjónarhorn, ýtir undir vellíðan gesta og vekur upp góðar tilfinningar (Dragija og Jelinčić, 2022). Með því að takast á við málefni fólks af erlendum uppruna geta söfn þannig virkað sem svar við skautun sem hefur tekið sig upp víða, meðal annars í Evrópu og hefur orðið til aukinnar andúðar í garð þessara samfélagshópa (Vlachou, 2019, bls. 47).

Sem fyrr er getið hefur listsköpun og almenn nálægð við listir lengi verið talið styrkja andlega heilsu fólks. Listsköpun og menning hafa þannig mikið vægi þegar kemur að inngildingu fólks af erlendum uppruna í ný samfélög. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að listir og menningu megi nota í meðferðartilgangi þegar kemur að andlegri heilsu, þar sem slíkt eflir sjálfstraust, opni fyrir og auðveldi tjáningu á erfiðum tilfinningarefnum, virki sem úrvinnslutæki fyrir áföll og efli aðra félagslega þætti sem ýta undir upplifun af að tilheyra. Auk þess hafa listir og menning almennt hvetjandi áhrif á hugmyndaflug einstaklinga og auðveldar þeim að tjá tilfinningar í samfloti við aðra einstaklinga, sem opnar fyrir það að fólk tengi á jafningjagrundvelli (Halldóra Arnardóttir, 2017, bls. 59) og er einkar mikilvægt í samhengi við fólk af erlendum uppruna.

Auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á að heimsóknir á söfn og aðra lista- og menningarstaði byggi upp og styrki félagsauð (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 327). Menningar- og listtengdir viðburðir geta þannig gert breytingarnar, sem fólk af erlendum uppruna verður iðulega fyrir þegar komið er í ný samfélög, auðveldari viðureignar. Þannig má draga úr þeim neikvæðu þáttum sem ýta undir slæma andlega heilsu og gera vart við sig í framhaldinu af flutningum eða í hversdagsleikanum sem einkennir tilveru þessa fólks á nýjum slóðum. Í þessu samhengi gegna söfn mikilvægu hlutverki í því að miðla þekkingu en á sama tíma verða til rými innan þeirra þar sem samtöl milli ólíkra hópa eiga sér stað (Halldóra Arnardóttir, 2017, bls. 13). Þá geta söfn lagt áherslu á að fjalla um erfið og veigamikil málefni eins og kynþáttafordóma, alvarleika félagslegrar einangrunar og áhrif tungumálhindrana, svo dæmi séu tekin.

Menningar- og listtengd starfsemi sem byggir á samkennd og inngildingu ögrar hugmyndum um sundrunu og fordóma, getur virkað sem viðspyrna gegn félagslegri einangrun og ýtir frekar undir samheldni í samfélaginu. Í þessum efnisþræði sem spinnur sig í gegnum umræðuna um menningu, listir og vellíðan, má greina ákveðna sérstöðu safna þar sem slík starfsemi býður gestum upp á að tileinka sér ný sjónhorn og setja sig í spor annarra í gegnum upplifun á listum og menningu. Þá er hægt að takast á við fordóma og neikvæða umræðu í garð fólks af erlendum uppruna sem birtist víða, í fjölmiðlum, í stefnumótunum, stjórn málaumræðu og inni á samfélagsmiðlum. Þetta eru allt áhrifamiklir miðlar þar sem auðvelt er að dreifa ákveðinni orðræðu sem nær til margra, en menning og önnur listsköpun getur veitt þeim harða mótspyrnu. Söfn verða að leggja áherslu á að skapa rými þar sem kveðið er ríkt á um jafnræði og fjölbreytileika, að öðrum kosti er hættan sú að ríkjandi orðræða haldi áfram að vera byggð á sleggjudómum og sérlunduðum viðhorfum (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 328).

Enn fremur eiga berskjaldaðir hópar, eins og fólk af erlendum uppruna, það á hættu að búa við slæma andlega heilsu vegna kerfisbundinna fordóma og mismununar sem eru hluti af því tungutaki sem er notað um geðheilbrigðismál. Ein birtingarmyndin er útilokun fólks af erlendum uppruna frá félagslegu nærumhverfi þeirra og einhliða, oft neikvæðri, afstöðu annarra hópa gagnvart þessum einstaklingum. Í framhaldinu verður athöfnin að leita sér hjálpar erfið fyrir einstaklinga sem eru þá þegar að fást við ýmsa aðra samfélagslega þröskulda og birtast til dæmis í tungumálaörðugleikum, ásamt öðrum hindrunum svo sem fjárhagslegum og félagslegum (American Alliance of Museums, 2024). Í ofanálag eru þessir samfélagshópar í sífellu sviptir mannlegum eiginleikum sínum í umræðunni og fyrir vikið minnka líkurnar á því að einstaklingar geti sótt sér mikilvæga grunnaðstoð hjá heilbrigðiskerfinu (Haile, 2020, bls. 32).

Það eru stofnanir jafnt og einstaklingar sem viðhalda ákveðinni orðræðu sem stillir fólki af erlendum uppruna upp sem ógn við innfætt fólk, ýtir þeim út í jaðarinn og viðheldur stöðu þeirra sem „hinir“ (e. *other*) í samfélaginu. Samkvæmt Jafnréttisstofu felur hugmyndin um „öðrun“ í sér ferlið þegar meirihlutinn kemur fram við fólk í jaðarhópum sem frávik sem leiðir til fordómafullra hugmynda og ranglætis (Jafnréttisstofa, 2022). Þetta verður til þess að fólk af erlendum uppruna upplifir sig þá misskilið, ósýnilegt og mállaust í nýju samfélagi og getur þannig auðveldlega misst hvatann til þess að reyna að

mynda félagstengsl í nýju samfélagi (Haile, 2020, bls. 40). Söfn hafa tækifæri til þess að taka þátt í uppbyggingu innviða heilbrigðiskerfisins og þannig aðstoða við að bæta heilsu almennings. Það má gera með því að bjóða upp á viðburði og aðrar upplifanir, í samstarfi við hinar ýmsu heilbrigðisstofnanir ásamt öðrum samfélagsstofnunum, sem miða að því að bæta andlega heilsu einstaklinga. Slíkt er hægt að útfæra á fjölbreytta vegu og fer til dæmis eftir því hver áhersluatriði safnsins er, hvar það er staðsett og af hvaða stærðargráðu það er (American Alliance of Museums, 2024).

Nauðsynlegt er fyrir söfn að skapa vinnuumhverfi þar sem efling félagslegra tengsla og andlegrar vellíðunar er sett í forgrunn, þá einkum í samhengi við samfélagshópa sem eiga það frekar á hættu umfram aðra að lifa við alvarleg andleg veikindi og/eða félagslega einangrun. Með því að leggja áherslu á uppbyggjandi orðræðunotkun sem einkennist af inngildingu í stað smánunar, eiga í virku samtali við samfélagið, þjálfa starfsfólk safna í að bera kennsl á óviðeigandi og úrelta orðræðu og að allt efni sem tengist safninu sé gefið út með áherslu á slíka nálgun, geta söfn gengist upp í samfélagslegu hlutverki sínu (Janes og Sandell, 2019, bls. 16).

Líkt og áður er getið liggja tækifæri í því að skapa vettvang fyrir samstarf meðal safna og annarra stofnana eins og heilbrigðis- og háskólastofnana, eða mannúðarhreyfinga eins og Rauða krossins. Með slíku samstarfi myndast félagslegt samspil milli safna og þessara stofnana í samfélaginu, sem aftur styrkir innviði, bætir andlega heilsu og félagslegt net fólks. Öll söfn hafa tækifæri til að finna farveg sem hentar hverju sinni til þess að varpa ljósi á mikilvægi samfélagslegra málefna í fjölmenningsarsamfélögum nútímans. Það má sækja fyrirmyndir að slíku starfi í rannsóknir sem hafa sýnt fram á hvers konar nálgun virkar best þegar kemur að því að nýta list og menningu til ávinnings, eins og að draga úr kvíða og þunglyndi eða koma í veg fyrir félagslega einangrun og einmanaleika (American Alliance of Museums, 2024).

6 Félagslegt hlutverk safna í samtímanum

Til að byrja með er vert að ítreka vægið sem felst í inngildandi nálgun þegar kemur að starfsemi safna, líkt og á við um aðrar stofnanir í samfélaginu. Í tengslum við ofangreinda orðræðu felur inngilding í sér „að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum“ (Reykjavík, 2023). Í safnablaðinu *Kvisti* veltir Halldóra Arnardóttir listfræðingur og sýningarstjóri fyrir sér því hver merkingin á bak við hugtakið inngilding sé inni á söfnum samtímans. Þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að inngilding í samhengi við söfn er „að skilgreina hindranir og fjarlægja þær, allt frá efniskennendum hindrunum bygginga til viðmóts starfsmanna, birtu og hljóðvist, fræðsluefni og upplýsingagjöf (Halldóra Arnardóttir, 2023, bls. 23). Það má líta á þetta sem staðfestingu á vægi inngildingar í safnastarfi og sýnir fram á hvernig slík nálgun nær yfir alla þætti safnastarfsemi, með margbreytileika, samkennd og jafnræði í brennidepli. Söfn þurfa að endurhugsa að öllu leyti hvernig nálgun þeirra og framsetning á þeim efniviði sem hvert safn vinnur með þarf að þróast, til þess að uppfylla það að inngilding sé í hávegum höfð. Inngilding þarf að ná hvort tveggja yfir alla innri starfsemi safna og einkenna samband þeirra við samfélagið (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2024).

Á vef Safnaráðs er safn skilgreint sem „stofnun eða staður sem velur, rannsakar og hefur til sýnis efnisleg og óefnisleg ummerki mannsins og umhverfi hans“ (Safnaráð, e.d.). Samkvæmt Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) er hlutverki safna að „varðveita, túlka og kynna náttúrlegan og menningarlegan arf mannkyns“ (ICOM, 2015). Í samræmi við þessar útlistanir má greina hvernig grunnhlutverk safna virðist nokkuð skýrt og einkennist af tileikum á breyttri og nýstárlegri nálgun á safnastarfsemi sem spratt fram á sjónarsviðið undir lok níunda áratugar síðustu aldar og gengur undir heitinu *nýja safnafræðin* (e. *new museology*). Nýja safnafræðin gengur út frá þeirri hugmynd að söfn haldi utan um efnislegan og óefnislegan menningararf mannkynsins og varðveiti þannig sjónarhorn sem varpa ljósi á fjölbreytta hópa, skoðanir og gildi í gegnum tíðina, ásamt því að hefja upp sjálfsmynd mismunandi hópa. Nálgunin leggur einnig enn frekari áherslu á að söfn eigi ekki – og geti ekki – verið hlutlaus í sinni starfsemi. Þar að auki er lögð áhersla á félagslegt, og ekki síður pólitískt, hlutverk safna með hliðsjón af tryggju sambandi þessara stofnana við samfélagið í heild sinni. Þannig má greina á milli áhersluatriða nýju safnafræðinnar og hinnar hefðbundnu nálgunar sem áður var við lýði, út frá þessu breytta

hlutverki safna í sambandi þeirra við samfélagið og sem málsvara samfélagslegrar samheldni (McCall og Gray, 2013).

Það má hins vegar ekki gleymast að söfn hafa þróast í gegnum tíð og tíma og óhætt að segja að þessar stofnanir séu nú orðnar partur af kapítalísku neyklusamfélagi sem einkennir tilvist mannkynsins. Söfn þekktust áður fyrr sem stofnanir þar sem lítill og einsleitur samfélagshópur, eða efri stéttir samfélagsins og ákveðnir lokaðir elítuhópar, fengu aðgang að menningararfinum; elítur heimsvaldastefnunnar (Janes og Sandell, 2019, bls. 1). Á sama tíma voru söfn lengi vel lokuð öðrum samfélagshópum. Á seinni hluta 19. aldar var farið að leggja aukna áherslu á að opna söfnin fyrir almenningi og ná til mismunandi og fjölbreyttra hópa í samfélaginu. Þegar tilvist safna er sett í sögulegt samhengi verður ljóst að þau hafa tekið þátt í því að styrkja og viðhalda þröngum sérhagsmunum og frásögnum. Þetta hefur iðulega haft það í för með sér að lifuð reynsla og sýnileiki ákveðinna samfélagshópa, iðulega þeirra sem eru jaðarsettir, eru þögnuð niður (Ariese, 2022, bls. 37).

Hefðbundið grunnhlutverk safna felst í því að varðveita, rannsaka og halda utan um margvíslegan menningararf mannkynsins. Söfn skila sögum og leiðandi hugmyndum hvers tíma til næstu kynslóða. Þær upplýsingar sem þar eru settar fram segja til um það hvernig mannlegt samfélag var og það er sett í samhengi við samtíð og framtíð. Stór hluti af annars fjölþættri starfsemi safna er það stöðuga ferli að vera meðvituð um og leitast eftir nýjum leiðum til þess að tengja þá safngripi sem eru uppistaða safneignarinnar hverju sinni við samfélagsleg málefni líðandi stundar. En með því að horfast í augu við þá staðreynd að það sé mikilvægt fyrir söfn að vera í takti við tímann, geta þessar stofnanir haldið sér á floti í nýjum samfélagslegum aðstæðum og orðið við því hlutverki sem ætlast er til af þeim. Á sama tíma sýni söfnin fram á og haldi í félagslegt mikilvægi sitt gagnvart samfélaginu, sem birtist skýrt í því hvernig starfsemi þeirra er raunverulega háttað og hvort starfsemin teygi sig út í samfélagið (Vlachou, 2019, bls. 48).

Söfn eru hluti af stærri heild ýmissa þekkingarmiðstöðva sem fyrirfinnast í samtímanum, ásamt því að vera partur af grunnstoðum menningarlífsins. Söfn búa þar af leiðandi yfir þeim styrkleika að geta eflt samhygð meðal einstaklinga og fyrir vikið er mikilvægt að söfnum, hvar sem þau eru staðsett í heiminum og sama af hvaða tegund eða stærðargráðu þau eru, verði fundinn farvegur til þess að mæta þessum ört vaxandi hópum

fólks af erlendum uppruna. Með þeim hætti geta söfn uppfyllt hlutverk þeirra samkvæmt skilgreiningum bæði Alþjóðaráðs safna (ICOM, 2022b) og nýju safnafræðinnar (McCall og Gray, 2013). Félagslegt hlutverk safna felur í sér að þau virki sýnilega sem vettvangur þar sem raddir jaðarsettra hópa fá að heyrast í meira mæli en áður, að þau stuðli að jöfnum aðgangi fyrir alla samfélagshópa, hvort sem það eru sýningargestir eða þátttakendur í menningartengdri sköpun af einhverju tagi, stuðli að samfélagsþátttöku og knýi þannig á um félagslegt réttlæti (Kinsley, 2016). Sum söfn sérhæfa sig vissulega í málefnum fólks af erlendum uppruna sem hafa þurft að flýja heimaland sitt vegna stríðsátaka eða af öðrum ástæðum. Það þýðir þó ekki að þetta sé ekki málstaður sem öll söfn, af öllum stærðum og gerðum, geti tekið þátt í eða snert á í sinni starfsemi að einhverju leyti.

Viðbrögð starfsfólks safna við breytttri heimsmynd, nýjum áherslum í starfsemi safna og væntingum gagnvart söfnum, hafa stundum einkennst af ótta við að eiga erfitt með að halda jafnvægi milli ákveðinna atriða. Annars vegar þess að sinna hinu hefðbundna starfi safna og framsetningu á menningararfinum sem margir gestir gera ráð fyrir að geta gengið greiðlega að og hins vegar að ná að snerta á þungvægum samfélagsmálefnum eða taka þátt í þessum veigamikla aktívisma safna sem ýtir undir félagslegt réttlæti. Starfsfólk safna á það til að vilja halda söfnum í ákveðinni kyrrstöðu sem vegur salt á miðpunkti einhverskonar hlutleysis og þátttöku. Söfn geta hins vegar ekki verið hlutlaus, þar sem allar ákvarðanir sem starfsfólk safna tekur og varða starfsemi þeirra eða framsetningu á safnkosti, hvaða sjónarhorn birtast og hvaða raddir fá að heyrast, hvað er sett fram á sýningum og hvað er geymt inn í geymslunum, eru ákvarðanatökur sem eru rækilega fléttaðar í pólitíska og hlutdræga áhrifaþætti hverju sinni (Vlachou, 2019, bls. 49).

Samkvæmt UNESCO eru um það bil 104.000 söfn á heimsvísu af ýmsum stærðum og gerðum (Statista, 2024) og á Íslandi er fjöldinn allur af menningarhúsum, söfnum, setrum og sýningum á víð og dreif um allt land. Allar þessar stofnanir vinna með mismunandi safneignir eftir því hvort um er að ræða listasafn, minjasafn, sögusafn, o.s.frv., en þessa þætti má skilgreina sem sérstöðu safnanna, ásamt því að gegna mismunandi hlutverki í samhengi við íslenskt samfélag eða erlenda gesti. Eins og gefur að skilja geta söfn ekki horfið í burtu frá sinni sérstöðu, en þessar stofnanir þurfa ekki að snúa bakinu við grunnhlutverki sínu í stóra samhenginu til þess að þau geti verið virkir þátttakendur í baráttu fyrir velferðarmálum og félagslegum jöfnuði. Útfærslur eru mismunandi eftir

söfnum, en mikilvægt er að starfsfólk þeirra líti ekki á ferlið sem þunga byrði, þar sem slíkar breytingar á áhersluatriðum í safnastarfsemi eru einungis óhjákvæmilegur þáttur af samfélagslegu grunnhlutverki safna (Vlachou, 2019, bls. 51).

Til þess að uppfylla þetta hlutverk verða söfn þannig að fylgja samfélagslegum breytingum og vera með verkferla sem gera þeim kleift að takast á við nýjar áskoranir. Þetta eru stanslaus viðfangsefni fyrir söfn. Ætlast er til af þeim að þau standi fyrir fjölbreytileika og sýni það með framsetningu inntaks sýninga og annarri dagskráargerð hverju sinni. Í gegnum tíðina hefur það vakið upp vangaveltur eða jafnvel gagnrýni, hversu langt þetta hlutverk safna eigi að ná. Eru söfn stofnanir sem eiga að taka þátt í umræðu um öll helstu samfélagsmálefni? Eiga þau að mynda sér skoðun á því og ef svo er, út frá hvaða sjónarhorni og af hverju? Líkt og fram hefur komið getur þetta verið flókið ferli þar sem þarf að samstilla ófáa þætti, en þetta er óhjákvæmilegt til þess að söfn haldi áfram að skipta fólki máli og það ekki einungis tímabundið heldur til lengri tíma lítið.

Áhrif hnattvæðingarinnar sem þegar hafa verið nefnd birtast á jákvæðan og neikvæðan máta þegar kemur að safnastarfsemi í nútímanum. Annars vegar koma áhrifin fram í auknum tækifærum til þess að eiga í þverfaglegu menningar- og listasamstarfi landa og heimsálfa á milli. Þetta þýðir að það er orðið auðveldara að deila hugmyndum og þekkingu á milli ólíkra safna og menningarstofnana, sem hefur svo leitt af sér nýstárlegar framsetningar og sýningar. Með því móti verða hugmyndir sem ögra rótgrónum fordómum en veita inngilding framrás að veruleika. Hins vegar hefur hnattvæðingin og meiri samtenging fólks jafnframt orðið til aukinnar einsleitni (e. *homogenization*) í menningarlegu tilliti. Þá eiga staðbundin viðhorf, venjur og aðrir menningarhættir, frekar á hættu að lúta í lægra haldi fyrir yfirgnæfandi og ríkjandi hnattrænni menningu (e. *global culture*) sem einkennist af vestrænni nálgun á efnislegt og félagsleg umhverfi mannfólksins. Fyrir vikið er mikilvægt að starfsfólk safna finni starfseminni réttan farveg til þess að koma í veg fyrir hnattvædda slagsíðu þegar kemur að smærri menningarkimum og taki þannig frekar þátt í að viðhalda margvíslegri menningu heimshornanna með því að sýna hana og vernda. Það þýðir ekki að ýta þurfi hnattrænum áherslum alveg til hliðar, heldur einungis finna jafnvægi án þess að annað þemað skyggi á hitt (Charr, 2022).

Í ljósi fyrrnefndra þátta af völdum hnattvæðingarinnar sem hafa áhrif á menningarlandslagið, verður ljóst að það er margt sem söfn verða að endurhugsa til þess

að aðlagast breyttum tímum. Í tengslum við það sem þegar hefur komið fram má greina ákjósanlegan kost, sem felur í sér að forgangsraða menningarlegri fjölbreytni og inngildandi nálgun í starfsemi safna. Þá geta söfn uppfyllt það hlutverk sem þau eiga að gegna, að vera menningarstofnanir sem auka skilning fólks á fjölbreyttum málefnum. Svo framarlega sem söfn tileinka sér það að vinna með fjölbreytilegar frásagnir og ólík sjónarhorn í framsetningu safnkostar eru góðar líkur á að það auðgi upplifun safngesta á sama tíma og það stuðli að félagslegu réttlæti og jafnræði. Skuldbinding um að taka þátt í að bæta ástandið í heiminum á þessa vegu ætti að fylgja starfsemi safna um allan heim, þar sem lokamarkmiðið er ávallt að endurspegla lifaða reynslu mismunandi samfélagshópa og varðveita sameiginlegan menningararf mannkynsins í heimi sem verður æ tengdari - en á sama tíma geigvænlegri.

Söfn eru samfélagsstofnanir sem hafa tök á að breyta fyrirnefndri skekkju sem byggir á ójöfnuði með því að hætta aldrei að sækja í sögur ólíkra samfélagshópa. Það felur í sér að fá fjölbreyttan hóp einstaklinga með ólíkar skoðanir til liðs við sig við hvert tækifæri og í framhaldinu að setja upp sýningar, sem og að bjóða upp á fræðsluefni og aðra viðburði, sem sýna fjölbreytt sjónarhorn. Þetta þýðir starfsemi sem gengur út á fjölbreytta framsetningu á safnkosti, áherslu á samfélagsþátttöku ólíkra hópa og að það sé leitað til sjálfboðaliða, aðgengi fyrir alla og sveigjanlega dagskrá ásamt viðeigandi þjálfun starfsfólks og inngildandi tungumál. Þá er mikilvægt að nálgast öll tiltekin atriði með menningarnæmi (e. *cultural sensitivity*) að leiðarljósi (Ariese, 2022, bls. 38), en það felur í sér að læra að vinna með og skilja ólíka menningarlega bakgrunna (Gátt, 2024). Með slíkum hætti er möguleiki á því að nálgast safnkosti safna út frá hugmyndum um menningarlega fjölbreytni og á sama tíma ná til fjölbreytileikans í samfélaginu með sameiginlegan hag og sýnileika allra að markmiði (Ariese, 2022, bls. 38). Slíkt krefst aðlögunar hjá safnastarfsfólki en endamarkmiðið er að efla jöfnuð og félagslegt réttlæti. Inngilding jaðarsettra hópa eins og fólks af erlendum uppruna snýst hins vegar ekki einungis um að lagfæra þennan ójöfnuð, heldur ekki síður um að bera kennsl á og viðurkenna kerfisbundna mismunun í stærra samhengi sem hefur ráðið ríkjum um langt skeið.

Samtíða aukinni áherslu á atbeina safna þegar kemur að því að styrkja félagslegt réttlæti hafa hugmyndir um söfn sem örugg rými (e. *safe spaces*) verið annálaðar. Nuala

Morse lýsir öruggu rými sem afmörkuðu svæði sem er laust við fordóma og útskúfun að öllu leyti, þar sem allir einstaklingar geta verið þeir sjálfir og átt í samræðum sín á milli (Morse, 2021, bls. 136). Elaine Heumann Gurian fjallar einnig um tækifærin sem söfn hafa til þess að virka sem örugg rými í nútímasamfélögum. Þar leggur hún áherslu á að söfn mæti því ákalli um að verða opnari og aðgengilegri fyrir alla samfélagshópa og sér í lagi þá sem hafa í sögulegu samhengi verið staðsettir á jaðrinum. Enn fremur bendir hún á að þátttökuverkefni og áhersla á að ná til samfélagsins sé veigamikill hluti af því að skapa slíka ímynd af söfnum (Gurian, 1995). Hugmyndir Gurian um söfn sem örugg rými má rekja til einnar af höfuðáherslum nýju safnafræðinnar sem fjallar um mikilvægi samfélagsþátttöku í safnastarfi, þar sem markmiðið fyrir söfnin er að virka sem lýðræðislegur vettvangur og félagslegt rými.

Söfn geta nýtt tvískipta kenningu Nancy Fraser um félagslegt réttlæti til þess að greina hver áhrif inngildandi nálgunar á starfsemina raunverulega er og hverju slík nálgun skilar af sér út í samfélagið. Samkvæmt Fraser þarf sýnileika tiltekinna áhrifa að fylgja annars vegar endurdreifing gæða (e. *redistribution*) og hins vegar viðurkenning (e. *recognition*). Slík aðkoma gerir sýnileika inngildandi starfsemi skýra og getur aðstoðað starfsfólk safna við að þróa aðferðir sem byggja raunverulega á fjölbreyttum röddum víða úr samfélaginu (Fraser og Honneth, 2003). Þetta hentar mögulega vel í íslensku samhengi þar sem safnageirinn getur notið góðs af nákvæmari skilningi, sem nær lengra en yfirborðsleg umfjöllun, á því hvað fellst í inngildingunni inni á söfnum.

7 Orðræða: Fjölbreytileiki í sýningargerð og miðlun safna

Sem fyrr er getið hefur áherslan færst frá hefðbundnu hlutverki safna sem varðveislustaðir fyrir menningararf mannkynsins, yfir á áhrifamátt þeirra og möguleika þessara stofnana til þess að virka sem fulltrúar samfélagslegra breytinga með því að beita sér fyrir félagslegu réttlæti. Með þeim hætti hefur hlutverk safna í nútímasamfélaginu verið að spyrja róttækra spurninga í gegnum sýningar og aðra starfsemi sína, bæði þegar kemur að kenningarlegum nálgunum sínum og hvernig það útfærist í praktík. Meðfram þessum breytingum var byrjað að hnykkja á og skoða hver aðkoma sýningarstjóra og annarra sem starfa á söfnum ætti í raun að vera. Hið sama gildir um hlutverk gesta safna en þunginn þar að lútandi hefur færst yfir á mikilvægi þess að sýningargestir fái tækifæri til þess að taka þátt í sýningunum á einn eða annan hátt, eða eiga einhverja aðkomu að þeim, í gegnum svokallaðar þátttökusýningar (e. *participatory museum format*) (Porsché, 2018, bls. 22).

Þegar kemur að málefnum fólks af erlendum uppruna í þessu samhengi hefur mikilvægi þess verið ítrekað að haga framsetningu út frá hugmyndum um söfn sem opinberir vettvangar þar sem hugað er að sjálfsmyndarpólitík. Upphafning á pólitískum og hugmyndafræðilegum stefnum, virkur stuðningur við jafnrétti jaðarsettra hópa þar sem sjónarhorn þeirra er dregið fram og viðurkennt, eru þættir sem þurfa að einkenna starfsemi safna þegar markmiðið er að draga úr hverskonar jaðarsetningu. Á þennan máta er hægt að skapa rými sem lyftir upp röddum fólks af erlendum uppruna, en slík nálgun er einkar mikilvæg á söfnum sem gefa sig út fyrir að vera fyrir alla einstaklinga samfélagsins (Porsché, 2018, bls. 38).

Þegar kemur að því að skoða tiltekið samband fólks af erlendum uppruna við mennta- og menningarstofnanir í samfélaginu eins og söfn, hefur Gottfried Korff lagt áherslu á að þennan samruna megi túlka á ýmsa vegu, bæði út frá kenningarlegu sjónarhorni og því hvernig tiltekið samband útfærist í praktík. Til að byrja með dregur Korff upp mynd af tveim ólíkum birtingarmyndum af söfnum sem taka að sér að fjalla um málefni fólks af erlendum uppruna. Annars vegar eru það söfn sem starfa fyrst og fremst úr frá þeirri heildarhugmynd að fjalla um málefni þessara samfélagshópa. Það eru til ófá slík söfn á víð og dreif um heiminn en sem dæmi má nefna *Migration Museum* í London sem fjallar um fólksflutninga til og frá Bretlandi í gegnum aldirnar ásamt því hvernig það hefur mótað

breskt samfélag til dagsins í dag (Migration Museum, e.d.). Hins vegar nefnir Korff söfn sem starfa út frá annars konar grunnhugmynd, til dæmis listasöfn sem fjalla um líf og listir ákveðins listamanns eða þjóðminjasöfn þar sem umfangið er minjar ákveðinna samfélaga, en takast á við málefni fólks af erlendum uppruna á afmarkaðan máta með tímabundinni áherslu á þetta tiltekna þema (Korff, 2005).

Þematengd og tímabundin áhersla á mikilvæg samfélagsmálefni eins og það sem tengist fólki af erlendum uppruna getur verið gagnleg nálgun til þess að leiða í ljós ný sjónarhorn á grunnhugmyndir- og sýningar safna. Þar að auki geta slíkar sýningar verið miðaðar að ákveðnum markhópi, til dæmis fólki af erlendum uppruna og þannig virkað sem hvatning fyrir einstaklingana til þess að gera sér leið á söfnin. Enn fremur geta slíkar sýningar skapað rými fyrir gagnrýnið samtal um það hvernig söfn sem fjalla um málefni þessara samfélagshópa setji fram sögur og tilvist einstaklinganna (Korff, 2005).

Þrátt fyrir að umræðan um það hverjir eiga og mega fjalla um líf og tilveru fólks af erlendum uppruna sé rík, þá er ekki samhljóða álit um það hvernig réttmæt og sönn nálgun á málefnið sé í rauninni. Í þessu samhengi snúa vangaveltur meðal annars að því hvaða samfélagshópar eru raunverulegu markhóparnir fyrir sýningar eða aðra dagskrá sem fjalla um málefni fólks af erlendum uppruna. Eru það mögulega þeir sem verið er að fjalla um, eða eru það aðrir samfélagshópar? Ákjósanlegast væri að finna milliveg og ná þannig til þverskurðar af samfélaginu, en það er ekki alltaf hæðarleikur. Svárið við tilteknum vangaveltum um hver markhópur slíkra sýninga er getur komið í ljós þegar rýnt er í hvar og hvenær sýningarnar eru settar upp, hverjir hafa raunverulega aðgang að þeim, hvernig efnið er kynnt, sem og hvaða hugmyndafræðilegu nálganir eru viðhafðar. Þessi umgjörð gagnast til þess að staðsetja hvar áherslan hjá söfnunum er. Er verið að miða upplýsingarnar að fólki af erlendum uppruna og á tiltekin sýning þá að virka sem hvatning fyrir þá einstaklinga að gera sér leið inn á söfnin, eða er verið að reyna að ná til hinna hefðbundnu safngesta og fræða þá um málefni jaðarhópa? (Porsché, 2018, bls. 23).

Fólksflutningar landa og heimsálfa á milli hafa mótað samfélög sem einkennast nú í meira mæli en áður af þjóðernis- og menningarblönduðum einstaklingum. Það hefur aftur leitt til aukinnar kröfu til starfsfólks safna um að taka upp nýjar og faglegar nálganir í sínu starfi, við sýningargerð, dagskrárgerð og annars konar miðlun á safnkosti. Viðkomandi nálganir einkennast af áherslu á að fleiri og fjölbreyttari einstaklingar deili ábyrgðinni

Þegar kemur að því að skipuleggja og þróa sýningarhugmyndir, velja verk og ákvarða framsetningu (e. *co-curating*); á þátttökuverkefni þar sem samband starfsfólks, safngesta og hagsmunaðila byggir á jafnræði og sanngirni; alþjóðleg og þverfagleg tengslanet safna á milli ásamt nýsköpun og endurtúlkun á safnkosti sem byggir á grunni menningarlegrar fjölbreytni. Í sambandi safna við fólk af erlendum uppruna þýðir þetta að nálgast umfjöllunarefnið út frá þvermenningarlegri umræðu með tilliti til þeirrar staðreyndar að fólksflutningar hafa verið og eru enn, veigamikill hluti af tilvist mannkynsins og þess vegna skipta málefni þessara samfélagshópa máli fyrir heildarmyndina (Lanz, 2017).

Þegar fjallað er um líf og tilveru fólks af erlendum uppruna inni á söfnum má túlka það sem smærri, aðskilinn og sérstæðan heim innan safnaheimsins. Þessa túlkun má skoða í tengslum við hugmyndir Michel Foucault um söfn sem *heterótópiur*, eða ákveðin rými sem heimur inn í öðrum heimi. Safn sem heterótópía er þannig rými sem mótast af flóknu samspili milli framsetningar, valkreppu milli tveggja eða fleiri þátta, umbreytingar og ákveðinni hugsjón um hið fullkomna samfélag. Í þessu tilliti virka söfn þannig sem endurspeglun á umheiminum (e. *mirror-like counterpoints*) á sama tíma og þau ögra samfélagslegum viðmiðum. Söfn í nútímanum leitast við að safna – og í raun þjappa – saman tíma og rými innan veggja þessara mennta- og menningarstofnana og freista þess að halda því óareitt áfram án þess að gangur tímans hafi áhrif á þau. Þegar fjölbreytt menningartengsl sem ná þvert á svæði og tíma eru sett í samhengi við hugmyndina um söfn sem heterótópísk rými verður til veruleiki þar sem söfn virka sem vettvangur aktívisma og þátttökulýðræðis (e. *participatory democracy*). Það getur orðið hvati að samtali og skilningi sem nær þvert á mismunandi menningarhópa. Innan veggja safna og enn lengra, innan veggja heterótópiunnar, verða þannig til rými þar sem margþætta og fjölbreyttar frásagnir eru við lýði samtímis. Slíkt styrkir menningartengsl milli ólíkra hópa, ögrar ríkjandi frásögnum, skapar rými fyrir samfélagsþátttöku, opnar á samtal sem byggir á jafningjagrundvelli og getur haft víðtæk áhrif á orðræðu í samfélaginu (Hetherington, 2011).

Virk söfn af öllum stærðum og gerðum hafa veigamiklu hlutverki að gegna vegna tengingar þeirra í nærsamfélögin, þegar kemur að því að hafa áhrif á hvaða viðhorf og skoðanir eru ráðandi í samfélaginu í sambandi við þjóðerniskennd einstaklinga og menningarlega fjölbreytni. Í sögulegu samhengi hafa söfn hins vegar iðulega einfaldað

fjölbreytileika mannkynsins niður í einhliða og þrönga frásögn með þjóðernissinnuðu ívafi. Það hefur óhjákvæmilega leitt til þess að þau atriði sem birtast gestum á söfnum hafa oft á tíðum einkennst af einhæfu sjónarhorni. Eftirköst þessa birtast í ónákvæmri framsetningu á þeim menningartengslum og samtengingu fólks sem hafa ávallt náð út fyrir ramma landamæra eða tímalína í sögulegu samhengi og leiða af sér smættun eða jafnvel þöggun jaðarhópa en upphafningu annarra samfélagshópa. Í fræðilegri orðræðu þar sem tekist er á um hugmyndir um hvað söfn geta gert þegar kemur að sýningarhaldi og annarri starfsemi tengdri fólki af erlendum uppruna, hefur verið bent á að söfn hafi raunveruleg tækifæri til þess að komast hjá því að byggja á þessum einhæfu framsetningum og jaðarsetningu ákveðinna samfélagshópa. Slíkt svigrúm verður til þegar áhersla er lögð á að framsetning safneignar og öll önnur dagskrárgerð þjóni þeim tilgangi að standa sem minnismerki um það hvernig sjálfsmyndir þjóða og samfélagshópa eru í raun síbreytileg fyrirbæri sem eiga sér stað í flæðandi ferli. Tiltekið ferli helst í hendur við ýmsa menningarlega þætti sem hafa orðið til í mismunandi heimshornum í gegnum tímans rás (Whitehead o.fl., 2015).

Saga samfélaga mótast alla jafna af togstreitu milli sameiningar og mótþróa á meðal mismunandi þjóðernis- og menningarhópa. Í ljósi þess hafa þjóðarsöfn (e. *national museums*) tækifæri til að standa fyrir og sýna fram á að „aðgreining“ mannkynsins í mismunandi hópa er ekki byggð á einu réttu sjónarhorni þröngs hóps, heldur er hún tilkomin vegna viðvarandi sam- og viðskipta milli landa og annarra menningartengsla sem hafa einkennt tilvist mannkynsins og uppbyggingu samfélaga. Það felast umtalsverðir möguleikar í því fyrir öll söfn að tengja tiltekin þemu með skýrum hætti inn í safneignina hverju sinni og vefja þá gripi sem hvert safn er með í sinni umsjá í víðfeðmu, sönnu og margslungnu sögulegu samhengi. Með slíkri nálgun geta söfn skapað rými þar sem sýningargestir finna fyrir hvatningu til þess að ígrunda tengingu milli fólks, staða, menningar og tímabila. Auk þess að mynda sér gagnrýna skoðun á því hvernig tilteknum þáttum hefur verið stillt upp á ákveðinn hátt innan safna í gegnum tíðina. Mikið er lagt upp úr því breytilega flæði sem einkennir sjálfsmynd þjóða eða samfélaga, sem gengur í berhöggi við stöðnuð og úrelt viðhorf um sundraðan menningararf mannkynsins (Sandell, 2012). Með þeim hætti geta söfn tekið virkan þátt í að fagna framlagi fjölbreyttra samfélagshópa og þeirra samskipta sem hafa átt sér stað þvert á menningarsamfélög,

með blæbrigða- og innihaldsríkum frásögnum og þannig horfið frá starfsemi sem einkennist af frásögnum um „einsleitar“ þjóðir eða samfélög.

Málefni fólks af erlendum uppruna eru iðulega sett í samhengi við hnattvæðinguna og þá eru söfn staðsett meðal áhrifamikilla stofnana í samfélögum nútímans. Í því samhengi er kveðið skýrt á um að söfn sem varðveita þjóðargenserar sæti færiss og endurtúlki safnkost þeirra með þeim hætti að það fletti ofan af samfélagslegum breytingum sem tengjast hnattvæddri heimsmynd. Til þess að ná slíku fram þarf að nálgast starfsemi safna á gagnrýninn máta og út frá alþjóðlegu sjónarhorni sem býður upp á endurmat bæði á framsetningu safneignar sem og öllum öðrum hliðum starfseminnar. Það má til dæmis ná árangri í slíku verkefni með því að leggja aukna áherslu á samfélagsþátttöku, en þannig skapast gagnvirkni út frá vilja safngesta til að taka þátt í að endurskoða ráðandi söguskoðun og þannig byggja upp gagnrýninn grunn. Það gerist þó helst þegar einstaklingar eru augljóslega hvattir til þess að lesa í slíkar frásagnir um menningarlega fjölbreytni og breytilegar sjálfsmyndir þjóða í sögulegu samhengi (Whitehead o.fl., 2015).

Eins og áður sagði þá getur það verið óljóst hvort dagskrá sé miðuð að fólki af erlendum uppruna, búin til af þessum samfélagshópum, eða um þá og fyrir aðra til þess að fræðast um, þegar söfn fjalla um málefni þessara hópa. Jan Nederveen-Pieterse greinir frá ákveðinni flokkun sem Ivan Karp setti fram og má yfirfæra á hefðbundnar sýningar og söfn sem fjalla um menningu annarra, eins og málefni fólks af erlendum uppruna. Karp skiptir mögulegum útfærslum á slíkum sýningum niður í þrjá mismunandi flokka. Fyrst eru það sýningar sem byggja á aðlögunarnálgun (e. *assimilative approaches*) við framsetningu á etnógrafískum gripum, líkt og list eða öðrum menningarminjum. Í því tilviki er áherslan á það sem er líkt, til dæmis með sjónarhorni áhorfandans og einstaklingsins sem skapaði gripinn. Því næst eru það sýningar sem eru á upprunalegum stað (e. *in situ*) og þær einkennast af upphafningu á hugmyndum um „okkur“ og „hina“, en einstaklingarnir sem falla undir „hina“ eru þá framandgerðir. Að endingu kynnir Karp sýningar sem hann kallar alfræðilegar sýningar (e. *encyclopaedic exhibitions*) og eru slíkar sýningar sambland af sýningum sem byggja á aðlögunarnálgun og sýningum sem eru á upprunalegum stað (Pieterse, 1996).

Það má hins vegar færa rök fyrir því, líkt og Nederveen-Pieterse gerir, að tiltekin flokkun og þar af leiðandi slík sýningar- og dagskrárgerð í söfnum, verður til út frá ríkjandi

orðræðu meirihlutans (ráðandi samfélagshópum) til þess að bregða upp ákveðinni mynd af „hinum“ (jaðarsettum samfélagshópum), líkt og fólki af erlendum uppruna. Til þess að komast hjá því að framandgera fólk má í staðinn notast við nálgun sem ber kennsl á annars vegar þá mismunandi þætti sem aðgreina meirihlutann frá jaðrinum og hins vegar hver fjölbreytileikinn er raunverulega innan hópanna (Pieterse, 1996).

Í bókinni *The Participatory Museum* fjallar Nina Simon um svipaðar aðferðir sem snúa að því hvernig söfn takast á við málefni fólks af erlendum uppruna og útlistar atriði sem hafa virkað hjá söfnum þegar kemur að sýningarhaldi, ásamt öðrum innri og ytri þáttum safnastarfsemi í samtímanum. Hugmyndir Simon eru að veita þeim söfnum sem leitast eftir því að virkja samfélög fólks af erlendum uppruna, alhliða ramma til þess að fara eftir í starfsemi þeirra og er áherslan í takti við ofangreindar nálganir. Með því að leggja áherslu á þátttöku gesta (e. *visitor participation*), þátttöku nærsamfélaga (e. *community engagement*), persónulega reynslu (e. *personalization of experiences*), félagslega hluti (e. *social objects*), samvinnuverkefni (e. *collaborative projects*), mat og endurgjöf (e. *evaluation and feedback*) og að búa til örugg rými (e. *safe spaces*), telur Simon að söfn geti þróað sýningar og dagskrá sem nær sérstaklega til fólks af erlendum uppruna (Simon, 2011).

Þess háttar aðferðafræði hefur ekki einungis jákvæð áhrif á starfsemi safna og upplifun safngesta heldur styrkir hún ekki síður tengingar safna við nærsamfélagið, sem má telja sérdeilis mikilvægt. Þar að auki getur nálgunin gert söfnum kleift að varpa ljósi á fjölbreytileikann sem einkennir hópa fólks af erlendum uppruna. Þessi inngildandi jafnræðisþemu snerta á allri starfsemi safna, hvort sem það er í sambandi við sýningar eða aðra dagskrárgerð.

8 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður farið yfir þá aðferðafræði sem notuð var við framkvæmd rannsóknarinnar. Markmiðið var að kanna hvað þrjú söfn á Íslandi, sem eru af mismunandi stærðargráðum og hafa margvíslegum hlutverkum að gegna gagnvart íslensku samfélagi, eru að gera til að mæta auknum fjölda fólks af erlendum uppruna sem sest hefur að á Íslandi. Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð í viðtölunum (e. *qualitative method*), sem gengur út á að rannsakandi öðlast skilning á viðfangsefninu og fær dýpri innsýn í aðstæður viðmælenda (Anna Ólafsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir, 2021).

8.1 Gagnaöflun og þátttakendur

Rannsóknin byggir á frumgögnum út frá eiginlegum einstaklingsviðtölum við fulltrúa frá söfnunum þremur. Þátttakendur í viðtölunum voru þeir einstaklingar sem settu sig í samband við rannsakanda eftir að tölvupóstur hafði verið sendur á opinbert netfang safnanna, þar sem rannsakandi leitaðist eftir því að fylgja eftir niðurstöðum úr forkönnun sem var send út á öll viðurkennd söfn á Íslandi. Söfnin sem urðu fyrir valinu áttu það sameiginlegt að huga með ákveðnum hætti að málefnum fólks af erlendum uppruna. Við val á söfnum var einnig litið til þess að starfsemi safnanna væri ólík. Viðmælandi frá Listasafninu á Akureyri er starfandi safnfulltrúi hjá safninu. Frá Listasafni Íslands er viðmælandi fræðslu- og útgáfustjóri safnsins og viðmælendur frá Þjóðminjasafni Íslands eru tveir safnkennarar frá safninu.

8.2 Framkvæmd

Vinna við rannsóknina hófst haustið 2024 með því að senda út forkönnun, með gagnaöflun og leit að fræðilegum heimildum.

Fyrst var send út forkönnun á netinu til allra viðurkenndra safna á Íslandi. Viðurkennd söfn eru þau söfn sem hafa farið í gegnum viðurkenningarferli safnaráðs og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði skv. 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 (Stefna Listasafna, 2022). Könnunin var send með könnunarforritinu QuestionPro undir heitinu *Söfn á Íslandi og málefni innflytjenda og flóttafólks*. Eftir því sem á leið rannsóknarferlinu var orðtaki eins og *innflytjandi og flóttafólk* skipt yfir í *fólk af erlendum uppruna* sem var notað yfir þá

einstaklinga sem fjallað er um í ritgerðinni. Sérfræðingur frá Safnaráði útvegaði rannsakanda lista yfir viðurkennd söfn og netföng eftir að rannsakandi setti sig í samband við Safnaráð. Forkönnunin var send á 47 viðurkennd söfn og rannsakanda bárust svör frá 28 af þeim. Könnunin snérist fyrst og fremst um að fá skýrari mynd af því hvort söfn á Íslandi væru yfir höfuð að haga starfsemi sinni í takt við aukna menningarlega fjölbreytni í íslensku samfélagi. Í könnunni var leitast eftir skriflegum svörum við eftirfarandi fjórum spurningum:

- Er safnið á einhvern hátt að mæta hópi innflytjenda og flóttafólks á Íslandi, t.d. með virkri heimildasöfnun, rannsóknum og/eða fræðslu sem sérstaklega tengist þessum hópum?
- Leggur safnið á einhvern hátt áherslu á að ná til innflytjenda og flóttafólks, t.d. með því að kynna starfsemi safnsins á aðgengilegan máta í gegnum vefsíðu, auglýsingar, á netinu eða í blöðum?
- Er safnið með allt kynningarefni á öðru tungumáli en íslensku, t.d. á ensku og pólsku? Þá er átt við alla bæklinga, auglýsingar, sýningartexta og aðra texta sem tengjast safninu.
- Er safnið með einhver prógrömm, t.d. vinnustofur, sem miðuð eru sérstaklega að börnum innflytjenda og flóttafólks?

Auk þessa var lögð fram spurning í lokin á könnuninni sem snéri að því frá hvaða safni upplýsingarnar væru og hvort rannsakandi mætti hafa samband til þess að fá frekar upplýsingar frá tilteknu safni.

Í framhaldi af forkönnuninni voru þrjú söfn valin sem rannsakandi leitaði eftir frekara samtali við. Það voru Listasafnið á Akureyri, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Söfnin voru valin út frá þeim svörum sem bárust í forkönnuninni, en söfnin áttu það meðal annars sameiginlegt að svara forkönnuninni á skilmerkilegan máta. Auk þess var ljóst út frá svörum að tæð söfn áttu það sameiginlegt að hluti af starfsemi þeirra snýst um að huga að því hvernig þau geti átt möguleika á að mæta áðurnefndum samfélagshópum. Öll söfnin tóku vel í áframhaldandi samtal um samband safna við fólk af erlendum uppruna á Íslandi.

Megin gagnaöflun fór fram með einstaklingsviðtölum við fulltrúa frá Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands í gegnum fjarfundaforritið Teams. Viðtölin voru tekin upp með leyfi viðmælenda. Listasafnið á Akureyri svaraði sömu spurningum en í gegnum tölvupóst. Viðtölin við Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands enduðu á því að verða efnismeiri

en svörin sem bárust frá Listasafninu á Akureyri vegna þessa, en rannsakandi mat það þó þannig að það kæmi ekki að sök og yrði frekar fróðlegt að hafa talsmann safns á landsbyggðinni með í samtalinu. Þannig væri ef til vill hægt að greina hvort munur sé á því hvernig söfn í stærri samfélögum mæta hópi fólks af erlendum uppruna en í þeim sem smærri eru, eins og á Akureyri.

Líkt og komið hefur fram eru það margir þættir sem þarf að líta til í starfsemi safna þegar markmiðið er að viðhafa inngildandi starfsemi sem leggur áherslu á að mæta fólki af erlendum uppruna. Af þeim sökum var spurningunum í viðtölunum skipt upp í sex meginþemu til þess að efnistökin yrðu viðráðanleg. Þemun voru valin út frá þeim efnisatriðum sem hæst báru í fræðilegri orðræðu um inngildandi starfsemi safna í fjölmenningsamfélögum nútímans, en einnig út frá þeim atriðum sem rannsakanda fannst fróðlegt að fá svör við í sambandi við söfn á Íslandi og fólki af erlendum uppruna. Þemun sem spurningunum var skipt upp í eru:

- Menningarleg framsetning og menningararfur fólks af erlendum uppruna
- Samfélagsþátttaka
- Aðlögun fólks af erlendum uppruna og tungumál
- Söfn sem örugg rými - vellíðan
- Safnfræðsla og viðburðir
- Stefnumál og söfn sem málsvarar fólks af erlendum uppruna

Eins og fram hefur komið eru söfnin þrjú mismunandi að stærð og gerð, en fyrir vikið eru einkennisatriði í starfsemi safnanna fjölbreytt. Þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með ákveðinn afmarkaðan spurningalista í viðtölunum sem tengist tilteknum þemum sem rannsakandi lagði höfuðáherslu á, þá endaði þungamiðjan á því að færast á milli mismunandi efnisatriða í hverju viðtali fyrir sig. Það kom þó ekki að sök heldur gaf ferlið blæbrigðaríka og breiðari birtingarmynd af fjölbreyttri starfsemi þessara safna og hvar þau sjá tækifæri til þess að mæta jaðarsettum hópum eins og fólki af erlendum uppruna.

9 Niðurstöður

Líkt og komið hefur fram var spurningunum í viðtölunum við söfnin skipt upp í sex meginþemu. Við greiningu á svörum frá viðmælendum varð ljóst að greina má sameiginlega snertifleti í starfsemi safnanna þriggja. Þó ber að taka fram að vegna smæðar rannsóknarinnar er ekki hægt að gera ráð fyrir því að niðurstöður eigi við um safnaumhverfið í heild sinni sem stendur, þegar kemur að málefnum fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Hins vegar endurspeгла niðurstöðurnar að einhverju leyti raunveruleika annars vegar tveggja af þremur höfuðsöfnum Íslands, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, og hins vegar raunveruleika stærsta listasafnsins sem er staðsett utan höfuðborgarinnar, Listasafnsins á Akureyri. Söfnin haga starfseminni öll á einhvern hátt þannig að þau nái til fólks af erlendum uppruna og eru meðvituð um hlutverk sitt þegar kemur að því að bjóða þann hóp fólks sem hingað flytur velkominn inn á þessar mennta- og menningarstofnanir. Þemun eru útlistuð hér og sett í samhengi við viðtölin sem tekin voru við fulltrúa safnanna, fræðilega orðræðu sem birtist í fyrstu köflum ritgerðarinnar ásamt vangaveltum rannsakanda.

9.1 Menningarleg framsetning og menningararfur fólks af erlendum uppruna

Eitt af meginatriðunum sem starfsemi safna byggir á er framsetning menningarlegs fjölbreytileika og mikilvægt er að ganga úr skugga um að allir samfélagshópar séu sýndir á sannan máta. Í tilfalli fólks af erlendum uppruna þýðir það til dæmis að fá einstaklinga úr þeirra hópi til liðs við söfnin þegar það á við. Auk þess er mikilvægt að söfn hugi að sýnileika margvíslegs menningararfs mismunandi samfélagshópa þegar kemur að inngildandi dagskrárgerð eða sýningarhaldi, þar sem ólíkar raddir fá að heyrast í stað þess að fáar og útvaldar raddir skyggi á hinar (Ariese, 2022, bls. 38).

Viðmælendur frá öllum söfnunum voru sammála um að það væri mikilvægt að söfn leggi áherslu á að gera fólk af erlendum uppruna, sögu þeirra, raddir og frásagnir, sýnilegt í sýningarhaldi og dagskrárgerð. Mismunandi var milli safnanna þriggja hversu mikil áhersla er lögð á að draga fram fjölbreytileikann í sýningarhaldi og að gefa verkum eða frásögnum fólks af erlendum uppruna pláss í safneign eða á veggjum safnanna.

Viðmælendurnir tveir frá Þjóðminjasafninu lýstu því hvernig áherslan í starfsemi safna hafi breyst mikið síðustu ár í takti við ýmsar samfélagsbreytingar. Þær settu þetta í samhengi við aukna meðvitund starfsfólks safna þegar kemur að almennum jöfnuði, ásamt vitundarvakningu í tengslum við vægið sem í felst nálgun er einkennist af fjölbreytileika, til dæmis þegar verið er að ákvarða hvaða listamenn fá að sýna í söfnunum, ásamt öllu öðru utanumhaldi.

Viðmælendur Þjóðminjasafnsins tóku vangaveltur um menningarlega framsetningu enn lengra og sögðu frá því að við undirbúning opunar á nýrri grunnsýningu í Þjóðminjasafni Íslands árið 2004, sem er enn yfirstandandi í dag, var tekin ákvörðun um að sýna gripi og segja sögur sem sýndu samfélagslegar breytingar sem voru að eiga sér stað. Það átti til dæmis við um aukinn straum fólks af erlendum uppruna til Íslands og hvernig þeir samfélagshópar voru orðnir ótvíræður hluti af samsetningu íslensks samfélags. Á þessum tímamarki var þannig ekki hjá því komist að innleiða frásagnir frá mismunandi samfélagshópum, með fjölbreytilega menningarlega framsetningu að leiðarljósi.

Þessi viðhorfsbreyting hjá starfsfólki Þjóðminjasafnsins á sínum tíma rímar við þá þróun sem átti sér stað á Íslandi, þar sem samfélagsgerðin breyttist úr því að vera samansett af fremur einsleitum einstaklingum (Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2020), yfir í samfélag sem einkennist fremur af fjölmenningu og margbreytileika. Ef eitt meginhlutverk safna er, þegar kemur að málefnum eins og þeim sem tengjast jaðarsettum hópum, að þjónusta þverskurð af samfélaginu ásamt því að ýta undir félagslegt réttlæti og upphefja fjölbreyttar raddir með inngildandi framsetningu og dagskrárgerð (Porsché, 2018, bls. 22), þá má líta á þetta framtak Þjóðminjasafnsins á sínum tíma sem ákveðinn vilja til þess að aðlagast sig breyttu menningarlegu og félagslegu umhverfi í samfélaginu.

Viðmælandi frá Listasafni Íslands lýsti því hvernig áherslan á menningarlega framsetningu ýmissa samfélagshópa, ásamt því að lyfta upp menningararfi fólks af erlendum uppruna, birtist helst í Listasafni Íslands í gegnum fræðsluhlutverk safnsins eins og sakir standa. Viðmælandinn talaði um nýju safnaskilgreininguna sem kom frá ICOM árið 2022 (ICOM, 2022b) sem hnykkir á gamalgrónu hlutverki safna í samfélögum manna og kveður skýrt á um að söfn starfi fyrst og fremst fyrir samfélagið í heild sinni, að hlutverk

þeirra sé að vera samfélagsstofnanir en ekki einungis varðveislustaðir fyrir menningararf mannkynsins. Í nýju safnaskilgreiningunni frá árinu 2022 segir:

Safn er óhagnaðardrifið og varanleg stofnun í þjónustu við samfélagið sem rannsakar, safnar, varðveitir, túlkar og sýnir áþreifanlegan og óáþreifanlegan arf. Söfn stuðla að fjölbreytileika og sjálfbærni með því að vera opin almenningi, aðgengileg og inngildandi. Þau starfa og miðla á siðferðislegan og faglegan hátt með þátttöku ýmissa hópa samfélagsins og bjóða upp á fjölbreytta upplifun í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingar (ICOM, 2022a). Út frá hugtökum sem þarna birtast, líkt og fjölbreytileiki, aðgengi og inngilding, má greina skýrt og skörinort hvar áherslur í starfsemi safna eiga raunverulega að liggja. Sameiginlega snertifleti má greina í skilgreiningu ICOM og áhersluatriðum nýju safnafræðinnar, einfaldlega þegar litið er til aukinnar áherslu á getu safna til þess að ýta undir félagslegt réttlæti (McCall og Gray, 2013). Þetta fellur einnig að hugmyndum Falk um söfn og kraft þessara stofnana til þess að beita sér fyrir jákvæðri samfélagslegri þróun (Falk, 2021).

Viðmælandinn frá Listasafni Íslands lýsti því hvernig safnið tekst á við að leggja enn frekari áherslu á að anna hópi fólks af erlendum uppruna samhliða þeirri þróun sem átti sér stað varðandi málefni þessa hópa í íslensku samfélagi á sínum tíma, þar sem nýja skilgreining ICOM leggur skýrar línur um það hvert félagslegt hlutverk safna í samtímanum eigi að vera þegar kemur að fjölbreyttri framsetningu á menningararfi mannkynsins.

Það vakti áhuga rannsakanda að skoða lauslega hversu fjölbreytt safneign þjóðlistasafn Íslands er, en á vefsíðu safnsins segir „Listasafn Íslands safnar kerfisbundið íslenskri myndlist. Listaverkasafnið spannar nú um 16.000 verk“ (Listasafn Íslands, e.d.c). Vefsíða safnsins býður upp á einkar praktískan valmöguleika sem er leitarvél og má þar hafa upp á meirihluta (ríflega 14.000) þeirra verka sem eru í safneign Listasafns Íslands. Þær niðurstöður sem fást þar eru sóttar úr menningarsögulega gagnasafninu *Sarpi* ásamt vefsíðu listasafnsins (Listasafn Íslands, e.d.b).

Til þess að framkvæma þessa grófu rannsókn á því hvort það mætti greina menningarlegan fjölbreytileika í safneign Listasafns Íslands út frá téðum gagnagrunni, stimplaði rannsakandi inn leitarorðið *kona*. Í sögulegu samhengi eru konur eitt af uppáhalds viðfangsefnum karlkyns listamanna til þess að mála eða nota á annan máta í listsköpun sinni. Karlmenn eru að öllum líkindum meirihluti þeirra listamanna sem eiga verk í safneign Listasafns Íslands, vegna allsherjar kynjahalla í listheiminum (National Museum of Women in the Arts, e.d.) og kvenkyns listamönnum hefur verið ýtt út á

jaðarinn um langt skeið (Anna Jóhannsdóttir, 2011). Út frá þessu var áætlað að leitarorðið myndi skila ágætis úrtaki. Niðurstaðan var að af þeim 638 listaverkum sem komu upp út frá leitarorðinu *kona* voru 28 listaverk eftir listamenn með erlent nafn. Vissulega er ógerlegt að dæma út frá þessum upplýsingum raunverulegan sýnileika fólks af erlendum uppruna í safneign listasafnsins, en þetta er ein leið til þess að sjá hvort fjölbreytileikinn sé almennt við lýði.

Listasafnið á Akureyri þjónar minna nærsamfélagi en höfuðsöfnin tvö, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, en safnið hefur hins vegar ekki farið varhluta af auknum fjölbreytileika sem einkennir nú íslenskt samfélag í heild sinni. Þar að auki má nefna að Akureyrarbær hefur um árabil verið móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk og innflytjendur (Þórgnýr Dýrfjörð, 2023).

Viðmælandi frá Listasafninu á Akureyri sagði menningarlega framsetningu út frá fjölbreytileika vera hluta af starfsemi safnsins, þar með talið að gera tilvist fólks af erlendum uppruna, sögu þeirra, rödd og frásagnir, sýnilegt í sýningum og dagskrágerð safnsins. Þegar viðmælandinn var spurður út í dæmi um nýlegar sýningar í safninu sem tengjast á einhvern hátt sýnileika fólks af erlendum uppruna, skýrði hún til að byrja með frá nýlega yfirstaðinni samsýningu undir heitinu *Samspil*. Í því tilfalli hafi ungmenni frá Venesúela tekið þátt í smíðju í safninu, sem fól í sér að þátttakendur sköpuðu listaverk út frá völdum verkum úr safneigninni, og í framhaldinu var sett upp sýning þar sem afraksturinn var sýndur.

Viðmælandi sagði frá fleiri sýningum sem eiga við í þessu samhengi. Það var annars vegar samsýningin *Línur* sem var sett upp í safninu árið 2020. Útgangspunktur þeirrar sýningar var að tengja íslenska menningu við aðra og hugsanlega fjarlægja menningarheima. Sýningarstjóri var Mireya Samper en listamennirnir sem tóku þátt í sýningunni voru frá Mexíkó, Túnis, Japan, Þýskalandi, Litháen og Hong Kong (Davíð Kjartan Gestsson, 2020). Þarna má sjá hvernig listasafnið stendur fyrir sýningu þar sem breitt menningarlandslag verður til. Hins vegar nefndi viðmælandi sýninguna *Er þetta norður?*, þar sem menningarleg fjölbreytni norðursins var skoðuð í gegnum listsköpun listamanna frá norðurslóðum.

Það sem svör viðmælandans frá Listasafninu á Akureyri gefa upplýsingar um er að safnið virðist leggja áherslu á að hafa fjölbreytileikann á yfirborði starfsemi safnsins. Þær

sýningar sem viðmælandi tók sem dæmi nálgast málefni fólks af erlendum uppruna á mismunandi vegu og virðast til þess ætlaðar að opna á samtali milli ólíkra samfélagshópa og tengja utanaðkomandi menningarkíma við íslenska menningu. Sýningarnar má einnig greina út frá túlkun Korff á þematengdum áherslum í sýningargerð sem tengjast fólki af erlendum uppruna og eru til þess fallnar að ná til ákveðins markhóps, ýta undir fjölbreytileika í framsetningu eða hefja upp annars konar menningarar (sem er í þessum tilvikum sýnileiki og menningararfur fólks af erlendum uppruna) en þann sem hefur að jafnaði verið haldið að safngestum (Korff, 2005).

Þegar fram líða stundir munu safneignir safna á Íslandi af öllum gerðum vonandi innihalda verk eftir fjölbreytta hópa Íslendinga. Eins mun tíminn leiða það í ljós hvort raunverulegur þverskurður af samfélaginu fái tækifæri til þess að sýna listaverkin sín á veggjum safna, eða efniviður einstakra sýninga sé á þann veg að ólíkir einstaklingar geti speglað sig í inntakinu.

9.2 Samfélagsþátttaka

Annað meginþemað lýtur að félagslegum þætti safna. Er þá rýnt í það hvort söfn taki virkan þátt í samfélagslegri umræðu, hvetji til samtals milli ólíkra hópa og myndi tengsl safnanna, safnkostarins og samfélagsins á milli. Samfélagsþátttaka safna vísar þannig til þess þegar söfn starfa sem samfélagsvettvangar þar sem ólíkir hópar mætast, þar sem félagsauður er styrktur og fjölmening í samfélaginu er endurspegluð á inngildandi og aðgengilegan máta (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 327).

Túlkun rannsakanda á fræðilegri orðræðu er varðar mikilvægi samfélagsþátttöku safna kallaði fram forvitni um það hvernig söfn á Íslandi nái til fólks af erlendum uppruna. Sér í lagi vegna þess að tilteknir hópar sem eru oft á jaðri samfélagsins, félagslega einangraðir frá öðrum samfélagshópum, upplifa frekar einmanaleika og andlega vanlíðan (Löbel o.fl., 2022). Til þess að svara forvitninni voru viðmælendur frá söfnunum þremur spurðir út í hvaða aðferðum söfnin beittu til þess að ná til þessara hópa íslensks samfélags. Allir viðmælendur nefndu að aðgangur safnanna að hópi fólks af erlendum uppruna á Íslandi væri að miklu leyti í gegnum Rauða krossinn.

Viðmælandi frá Listasafni Íslands lýsti því hvernig tiltekið höfuðsafn hefði fíkrað sig áfram í því að skoða hvernig landslagið liggur á Íslandi þegar kemur að sambandi

menningarstofnana og fólks af erlendum uppruna. Hún segir að það hafi orðið til ýmis verkefni og dagskrárliðir í gegnum árin þar sem megináherslan er að fá fólk af erlendum uppruna inn á safnið.

Viðmælandinn nefndi sem dæmi ritlistasmiðjur í listasafninu þar sem unnið var með safneign safnsins og umræddum samfélagshópum sérstaklega boðið að koma í safnið og taka þátt í smiðjunni, en að safnið hafi mætt ákveðinni áskorun í ferlinu. Áskorunin fólst helst í því að erfitt reyndist fyrir safnið að ná til þessara samfélagshópa. Það gæti meðal annars átt röt sína að rekja til þess að auglýsingar safnsins ná einfaldlega ekki til fólks af erlendum uppruna. Viðmælandinn lýsti því hvernig boðleiðir safnsins eru takmarkaðar við samfélagsmiðla og aðra fréttamiðla, sem er ekki endilega sá vettvangur sem fólk af erlendum uppruna á Íslandi eru meðvituð um. En í þeim tilfellum sem þessir einstaklingar vita af og hafa áhuga á að fylgjast með miðlum þessara stofnana, þá er ekki þar með sagt að þau skilji þær upplýsingar sem þar koma fram vegna tungumálhindrana.

Með því að hafa texta á fleiri tungumálum en íslensku og ensku geta þessar stofnanir virkað opnari fyrir hópi fólks af erlendum uppruna, ef tekið er mið af því að tungumálið er veigamikill þáttur þegar kemur að inngildingu aðfluttra samfélagshópa í ný samfélög (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019, bls. 15). Í tilfelli safna á Íslandi mætti til dæmis bæta við pólsku þar sem fólk af pólskum uppruna á Íslandi telur nú í kringum 8% af íbúafjölda landsins (Stjórnarráðið, 2024b). Þarna má greina mikilvægi þess að söfn hagi upplýsingaflæði á þann veg að sem flestir geri sér ljóst hvað um ræðir, en það er aðgengismál og hluti af samfélagsþátttöku safna.

Fyrirnefnda áskorun má skoða í samhengi við það vægi sem felst í samfélagsþátttöku safna og tengja það við þá staðreynd að fólk af erlendum uppruna hafnar oft úti á jaðrinum í þeim samfélögum sem þau flytja eða flýja til. Í framhaldinu verður tilvist vellíðunar æ minni í lífi þessara einstaklinga og hætta á félagslegri einangrun og einmanaleika verður viðloðandi í tilveru þeirra (World Health Organization, 2023). Auk þess sýnir þessi hindrun sem Listasafn Íslands finnur fyrir hvað það er mikilvægt að starfsfólk safna finni leiðir sem henta til þess að ná til þessara hópa. Það má til dæmis gera með því að efna til samstarfs við aðrar stofnanir sem vinna með málefni fólks af erlendum uppruna.

Viðmælandinn frá Listasafni Íslands sagði frá samstarfsverkefni sem átti sér stað árið 2018 hjá Þjóðlistasöfnum á Norðurlöndunum, *Reaching new audiences in the Nordic countries*, og hvernig safnið hafi ráðist í að byggja upp og bæta samband þess enn frekar við fólk af erlendum uppruna í framhaldinu af því. Til að mynda hafi safnið tekið upp samstarf við Rauða krossinn árið 2018 og er það samstarf enn í gangi. Viðmælandinn frá safninu ræddi um það starf sem Rauði krossinn sinnir og sagði það vera veigamikil starf með fjölbreyttum hópum í íslensku samfélagi. Samstarfið hafi þannig verið leið safnsins til þess að ná til fólks af erlendum uppruna og í framhaldinu gera viðburði og aðra dagskrá í safninu aðgengilegri fyrir þessa einstaklinga. Og það gekk upp samkvæmt viðmælanda, sem sagði að merkja mætti greinilega aukningu í fjölda fólks af erlendum uppruna sem heimsækir safnið, en meðfram aukningunni vinnur starfsfólk safnsins að því að sinna þessum hópi með því að halda áfram að bjóða upp á ýmiskonar dagskrá.

Upp úr því var Krakkaklúbburinn Krummi stofnaður sem bauð upp á dagskrá í Listasafni Íslands alla laugardaga. Meginmarkmið klúbbsins var að auka aðgengi að safninu fyrir alla samfélagshópa með því að hafa þátttöku í dagskránni ókeypis. Viðmælandi lýsti því hvernig safnið auglýsti viðburðina sérstaklega hjá hópum fólks af erlendum uppruna í gegnum Rauða krossinn og sendi þeim boðsmíða þar sem þeim var boðið að koma í safnið og taka þátt í dagskránni. Sá hópur sem gerði sér leið í safnið í tengslum við tiltekna dagskrá hefur verið mjög fjölbreyttur og viðmælandinn greindi frá því að Listasafn Íslands geri sér vonir um að það þýði að safnið sé að ná til fólks af erlendum uppruna.

Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafni Íslands sögðu frá því að safnið hafi sett sig í samband við Rauða krossinn fyrir nokkrum árum og síðan þá hafi það verið leið safnsins til þess að ná til hópa fólks af erlendum uppruna sem annars myndu mögulega ekki koma inn á safnið. Um er að ræða ákveðið samstarf milli stofnananna tveggja, þar sem safnið virkar í raun sem vettvangur fyrir verkefni sem verða til að frumkvæði Rauða krossins. Þarna má greina framlag safnsins til þess að mæta þessum hópum með því að leita út í samfélagið og taka þátt í samstarfi sem gerir það að verkum að safnið opnast frekar fyrir þessum samfélagshópum. Viðmælendur frá safninu lýstu því hvernig töluverður fjöldi fjölbreytts hóps fólks af erlendum uppruna komi inn á safnið í gegnum þetta samstarf ár hvert.

Í fréttagrein sem var birt í maí 2024 er haft eftir verkefnastjóra fræðslu og miðlunar í Listasafninu á Akureyri að ástæðan fyrir alþjóðlegum þátttökuverkefnum væri vilji safnsins til þess að „ná til breiðari hóps safngesta og hvetja ungmenni af erlendum uppruna, sem og fjölskyldur þeirra, til þátttöku í menningarlífinu“ (Ólafur Pálsson, 2024). Opinber orðræða sem tengist starfsemi safnsins, ásamt því að koma því sem talað er um í framkvæmd, er skýrt dæmi um samfélagsþátttöku Listasafnsins á Akureyri, ásamt meðvitund um að safnið geti haft áhrif og staðið með fólki af erlendum uppruna í nærsamfélaginu.

Þegar horft er til þeirra sýninga sem settar hafa verið upp í safninu síðustu ár og viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri sagði frá hér að ofan, sést hvernig ákveðinn þungi er settur í að leita út í samfélagið í þeim tilgangi að ná til ákveðinna jaðarsettra hópa. Starfsfólk safnsins skapar rými þar sem þátttakendur fá tækifæri til þess að tengja sína listsköpun (sinn menningararf) við safneign Listasafnsins á Akureyri (Íslenskan menningararf). Með slíkum útfærslum geta bæði listamennirnir sjálfir, en ekki síður safngestir, upplifað tilfinningar um að tilheyra, haldið í sína menningarlegu sjálfsmynd en tengt sig við íslenska menningu á sama tíma. Á þennan máta fær fólk af erlendum uppruna tækifæri til þess að aðlagast nýju samfélagi og upplifa vellíðan. Það er ólíkt þeirri firringu sem getur átt sér stað þegar einstaklingar neyðast til þess að hverfa frá menningarlegri sjálfsmynd sinni (Stick o.fl., 2021).

Samstarf við aðrar stofnanir, líkt og skóla og félagsþjónustu, kom einnig fram í svörum viðmælenda safnanna þriggja. Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafni Íslands lýstu því til að mynda að auk þess að vera í samstarfi við Rauða krossinn þá hefur Þjóðminjasafnið einnig byggt upp samband við fleiri mennta- og menningarstofnanir. Viðmælendurnir ræddu um samstarf safnsins við Borgarbókasafnið, en það er dæmi um stofnun þar sem öflugt félagsstarf hefur átt sér stað þegar kemur að því að ná til viðkvæmra hópa í samfélaginu og til að virka sem öruggt rými þar sem fræðsla og samhygð dafna. Viðmælendur greindu frá því að samstarfið byggði á verkefni þar sem fólk af erlendum uppruna kom í Þjóðminjasafnið frá Borgarbókasafninu í því skyni að læra íslensku.

Þjóðminjasafnið tekur þarna þátt í samstarfi við bókasafn, en starfsemi slíkra mennta- og menningarstofnana sem miða að því að auka skilning í samfélaginu hefur sýnt fram á

jákvæð áhrif þegar kemur að því að bera virðingu fyrir menningu annarra, minnka fordóma og brúa félagslega gjá milli mismunandi samfélagsþópna (Igarashi o.fl., 2023).

Út frá þessu má greina hvernig söfnin eru að teygja sig út í samfélagið, hvert á sinn hátt. Söfnin virka sem vettvangur samtals, þar sem mismunandi einstaklingar mætast og eru innan um list og menningu. Vissulega tengist samfélagsþátttaka safna inn í allar hliðar safnastarfs, þannig þau þemu sem rætt er um í hinum köflunum tengjast öll á einn eða annan hátt félagslegu hlutverki safna í fjölmenningsamfélögum nútímans.

9.3 Aðlögun fólks af erlendum uppruna og tungumál

Orðræðan í samfélaginu um fólk af erlendum uppruna og menningarlega fjölbreytni er iðulega tengd við hina íslensku tungu. Listir og menning eru hins vegar hornsteinn þess sem getur tengt heimsbyggðina saman, burt séð frá uppruna eða tungumáli. Þekking, færni og skilningur verður til í gegnum skynjun fólks á listaverkum eða menningarminjum. Listir og menning veita þannig einstaklingi aðgang að menningarorðræðu þess samfélags sem hann er staddur í og opna fyrir hugrenningatengsl hjá fólki við þá gripi og upplýsingar sem birtast þeim. Þetta getur átt sér stað þegar einstaklingur er einfaldlega staðsettur í rými menningar eða lista og þá má upplifa vellíðan, mynda félagsleg tengsl og setja ýmislegt í samhengi, þrátt fyrir að skilja ekki tungumálið (Ahmed, 2024).

Allir viðmælendur sögðu frá dagskrá í söfnunum þar sem megináherslan var á inngildandi nálgun á tungumálhindranir. Viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri sagði til dæmis frá því að safnið bjóði upp á leiðsögn á ensku. Í framhaldinu var hún spurð hvernig safnið sjái til þess að fjölbreytileika þessara hópa sé mætt, til að mynda þegar tekið er til greina að einstaklingar samfélagsþópna tala ekki allir ensku og enn færri íslensku, eða er þeir tala mörg mismunandi tungumál. Viðmælandinn svaraði því að ef slík staða komi upp þá bregðist safnið við því hverju sinni, til dæmis með því að útvega túlk.

Viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri ræddi um hvernig safnið leggur sitt af mörkum þegar kemur að inngildandi tungumáli. Safnið býður einstaklingum sem eru í íslenskunámi hjá Símei að koma og taka þátt í dagskrá safnsins, en Símei er símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og er hlutverk miðstöðvarinnar að stuðla að aðgangi að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum fyrir alla einstaklinga á svæðinu (Símei, e.d.). Samstarf við Símei er annað dæmi um mikilvægi þess að söfn séu í samstarfi eða samtali

við mismunandi stofnanir til þess að ná til hópa fólks af erlendum uppruna. Símeý hefur boðið upp á námsleið undir heitinu *Íslensk menning og samfélag*, þar sem megintilgangurinn er að „auðvelda fólki aðlögun að hérlandum vinnumarkaði og samfélagi“ gegnum tungumálið, menningu, samfélagið og atvinnulífinu í því skyni að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni hjá þeim einstaklingum sem taka þátt í námsleiðinni. Dagskráin fól í sér heimsóknir í Listasafnið á Akureyri (Símeý, 2021). Safnið virkar þannig sem vettvangur fyrir aðra starfsemi sem miðar að tungumálakennslu og inngildingu fólks af erlendum uppruna.

Umræða um tungumál ber oft á góma í tengslum við fólk af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Það er ekki að furða þegar tekið er mið af því að það eru sérkenni íslensku tungunnar sem hafa staðið vörð á huglægum landamærum Íslendinga, þar sem fólki af erlendum uppruna er hleypt inn einungis (mögulega) ef þau læra tungumálið (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, bls. 208).

Viðmælandinn frá Listasafni Íslands sagði safnið taka þátt í samstarfsverkefni þar sem væri verið að vinna sérstaklega með tungumál og að safnið taki á móti ófáum skólahópum á öllum skólastigum ár hvert. Hún sagði frá því hvernig samstarfið við skólakerfið hafi þróast sem ákveðin leið fyrir safnið til að fikra sig eftir í því skyni að ná til hópa fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Viðmælandinn hélt áfram og lýsti því hvernig oftar en ekki börn komi með skólahópum inn á safnið sem eiga annað mál en íslensku sem móðurmál og upplifa þar af leiðandi erfiðleika við að læra og tileinka sér íslenska tungu. Þeir nemendur sem koma í skipulagða skólaheimsókn í Listasafn Íslands fá boðsmíða fyrir tvo til þess að taka með sér heim, sem er tilraun safnsins til þess að ná til foreldra sem annars myndu mögulega ekki gera sér ferð á safnið, til dæmis þeirra sem eru af erlendum uppruna.

Eins og fram hefur komið eru það iðulega tungumálhindranir sem gera fólki af erlendum uppruna erfitt fyrir þegar kemur að aðlögun að nýju samfélagi. Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu lýstu því hvernig safnið leggur sitt af mörkum, þegar kemur að þessu víðtæka úrlausnarefni í íslensku samfélagi, með því að bjóða einstaklingum af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku ókeypis inn á safnið, til dæmis skólahópum sem koma í fylgd með kennara og hafa viðdvöl í safninu um stund. Þær lögðu áherslu á að ókeypis aðgangur sé aðgengismál og skipti miklu máli, sér í lagi fyrir Þjóðminjasafn Íslendinga, svo

það virki opið fyrir alla samfélagshópa og uppfylli samfélagslegt hlutverk slíkra safna, sem er meðal annars að veita atbeina til þeirra sem minna mega sín.

Þarna má greina hvernig söfn hafa tækifæri til þess að vera vettvangur sem veitir fólki af erlendum uppruna brautargengi til að læra ný tungumál. Á sama tíma opnast söfn fyrir fjölbreyttari hópi sem fær tækifæri til þess að mynda hugrenningatengsl við íslenska þjóðmenningu í samhengi við sína eigin menningarlegu sjálfsmynd. Jafnframt eru söfnin að tengja sig inn í samfélagið með því að vera í samtali við skólakerfið og sinna þannig hlutverki sínu sem þekkingarmiðstöðvar.

9.4 Söfn sem örugg rými - vellíðan

Umræðan um söfn sem örugg rými tengist inn í mikilvægi þess að skapa tækifæri fyrir safngesti til að taka virkan þátt í því sem á sér stað innan veggja safna. Í þeim tilfellum þar sem rætt er um söfn sem örugg rými fyrir gesti safna er þannig átt við að þau virki sem rými þar sem allir geta verið þeir sjálfir og tjáð sig frjálsglega, ásamt því að vera rými laus undan dómum og fordómum (Morse, 2020, bls. 136). Auk þess tengist hugmyndin um örugg rými samfélagslegu hlutverki safna sem þarf að uppfylla til þess að söfn virki sem slík rými, með inngildingu og aðgengi að leiðarljósi (Gurian, 1995). Rannsóknir hafa sýnt fram á að söfn geti virkað sem sérstaklega örugg rými fyrir börn, sem og einstaklinga sem hafa lent í andlegum áföllum, til þess að takast á við ótta og fælmi (Kirk, 2013). Af þessu má meðal annars álykta að samstarfið sem á sér stað milli safna og skóla á Íslandi út frá svörum viðmælenda, sé mikilvægt framlag safna til stuðnings viðkvæmum hópum samfélagsins.

Söfn sem leggja alhliða áherslu á að fagna fjölbreytileikanum geta boðið upp á rými þar sem einstaklingar upplifa sig örugga og samþykktan hluta af stærri heild, óháð uppruna, aldri, kyni, kynhneigð, o.s.frv. Samkvæmt Gurian eiga safngestir að geta litið á söfn sem örugg rými þar sem samfélagsleg þátttaka og samræður á jafningjagrundvelli fara fram. Örugg rými má þannig útleggja sem umhverfi sem stuðlar að vellíðan og bættri andlegri heilsu, eykur sjálfstraust og dregur úr streitu (Gurian, 1995). Þetta eru allt þættir sem gætu komið til móts við erfiða lífsreynslu fólks af erlendum uppruna í nýjum samfélögum.

Viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri sagði safnið virka sem öruggt rými fyrir fólk af erlendum uppruna meðal annars út frá þeim fjölbreytileika sem birtist í sýningarhaldi í

safninu. Það gerir það að verkum að fjölbreyttari hópur einstaklinga geti tengt það sem er sett fram í safninu við persónuleg málefni og þekkingu viðkomandi. Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafni Íslands sögðu frá dagskrárlíðum þar sem meginmarkmiðið var að láta safnið virka sem öruggt rými, bæði fyrir börn af erlendum uppruna sem og aðra jaðarsetta hópa. Þar má til dæmis nefna verkefnið *Tálgað og tengt við náttúru og sögu* og samstarf Þjóðminjasafnsins við Borgarbókasafnið (sjá nánar í kaflanum um safnfræðslu og viðburði).

Í framhaldinu lagði rannsakandi fram vangaveltur um hvort aukin áhersla væri lögð á að mæta tiltekinni hugmynd um söfn sem örugg rými á líðandi stundu en áður, þegar straumur fólks af erlendum uppruna til landsins er í meira magni en áður hefur sést. Viðmælendur frá öllum söfnunum lýstu því að birtingarmynd safnanna sem örugg rými komi fram í gegnum starfsemi sem kveður ríkt á um inngildingu og áherslu á að öll upplifi sig velkomin í söfnin.

Viðmælandinn frá Listasafni Íslands lýsti því að safnið vinni með hugmyndina um söfn sem örugg rými fyrir alla, með því að bjóða upp á ókeypis dagskrá og leggi áherslu á að ná til jaðarsettra hópa. Tiltekin dagskrá býður fólki að koma í safnið, upplifa og skynja þá list sem þau koma auga á, taka þátt í listsköpun og eiga samverustund með öðrum. Með því að skapa rými fyrir slíkar samkomur ólíkra samfélagshópa er safnið að ýta undir vellíðan sem getur virkað sem félagslegur hvati fyrir einstaklinga sem annars eiga það á hættu að vera félagslega einangraðir í samfélaginu. Safngestir geta sett sig í spor annarra eða upplifað tilfinningar um að tilheyra (Network of European Museum Organisations, 2016).

Auk þess ítrekar viðmælandinn að söfn – og þá sér í lagi Þjóðlistasöfn eins og Listasafn Íslands – eigi að virka sem griðastaður fyrir alla samfélagshópa þar sem meginhlutverk safnanna sé að þjónusta samfélagið í heild sinni. Þetta fellur vel að hugmyndum um hlutverk safna í samtímanum, aukið ákall eftir því að söfn og aðrar mennta- og menningarstofnanir lagi sig að fjölmenningsamfélögum samtímans og taki mið af þeim umskiptum sem hafa átt sér stað með hnattvæðingunni og aukningu í fólksflutningum um allan heim. Sú inngildandi starfsemi sem á sér stað í söfnunum virðist þannig í grunninn vera byggð á hugmyndum um söfn sem örugg rými.

9.5 Safnfræðsla og viðburðir

Eins og áður er getið eru söfn af öllum stærðum og gerðum, með hinum margbreytilega safnkosti og efniviði, menntastofnanir og hafa mikið vald þegar kemur að þekkingarsköpun almennings. Fræðsla innan safna er stór þáttur af starfsemi þessara stofnana og getur verið leið þeirra til þess að sýna fram á menningarlega fjölbreytni í samfélaginu. Fræðsludagskrá safna tengist inn í tilvist komandi kynslóða; ef rétt er að farið setur slík fræðsla fortíð, nútíð og framtíð í samhengi og þannig geta söfn skapað þekkingargrunn byggðan á sönnum frásögnum mismunandi samfélagshópa í gegnum söguna (Anderson, 1999, bls. 11).

Líkt og kom fram í svörum viðmælenda frá Listasafni Íslands þá varð ljóst að meðal áhrifaríkari leiða fyrir safnið til þess að ná til fólks af erlendum uppruna væri að leggja áherslu á fræðslumál safnsins. Fræðsla í gegnum listir og menningu getur stuðlað að lýðræðislegu, sanngjörnu, inngildandi, frjálssu og gagnrýnu samfélagi. Þegar kemur að veigamiklum samfélagsmálefnum, eins og þeim sem tengjast fólki af erlendum uppruna, þá getur snerting við listir og menningu fært heim sanninn um að það eru oftast en ekki fleiri nálganir en virðast vera við fyrstu sýn á viðfangsefnið hverju sinni. Slík vitundarvakning veitir fjölbreytileikanum viðurkenningu og býr til nýja nálgun á málefni sem einkennist annars oft af ágreiningi og togstreitu (Gigerl o.fl., 2022).

Sú staðreynd að Listasafn Íslands bjóði fólk af erlendum uppruna velkomið inn í íslenskt samfélag að miklu leyti í tengslum við fræðsludagskrá kemur heim og saman við framangreinda umræðu. Fræðsla sem á sér stað í umhverfi lista og menningar byggir á grunni lýðræðislegra gilda og gagnrýnnar nálgunar. Þar eru mismunandi sjónarhorn og skoðanir upphafin og virt og réttur einstaklingsins til tjáningar í hávegum hafður.

Viðmælandinn frá safninu sagði nánar frá téðu samstarfsverkefni, *Reaching new audiences in the Nordic countries*, hjá þjóðlistasöfnum á Norðurlöndunum sem náði yfir tveggja ára tímabil. Viðmælandinn lýsti verkefninu á þann veg að það hafi falið í sér að starfsfólk þessara safna áttu í virku samtali sín á milli um málefni fólks af erlendum uppruna, starfsfólk safnanna lærði hvert af öðru og byggði menningarlegar brýr landanna á milli með því að deila upplýsingum og vangaveltum sín á milli. Tilgangurinn með verkefninu var að söfnin settu sér ákveðin markmið sem átti að leysa innan tveggja ára tímaramma. Markmiðin snérist fyrst og fremst um það hvaða tækifæri söfnin hefðu til

Þess að ná til þessara samfélagshópa og hvernig þau gætu hagað starfseminni í því skyni að mæta tilteknum tækifærum sem kæmu í ljós. Auk þess var lögð áhersla á að kortleggja hópa fólks af erlendum uppruna í hverju samfélagi fyrir sig. Í framhaldinu af þeirri vinnu hér á landi fékk starfsfólk Listasafns Íslands yfirsýn yfir hvert hlutverk safnsins getur verið þegar kemur að málefnum fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Viðmælandi tengdi þetta ferli við að safnið fer að máta hugtak eins og inngildingu við starfsemi þess, ásamt því að skoða hvað felst í hugmyndum um jafnræði í tengslum við söfn og að lokum hvernig Listasafn Íslands sé í stakk búið til þess að mæta aukinni menningarlegri fjölbreytni í íslensku samfélagi.

Menningarleg fjölbreytni einkennir Norðurlöndin eins og flesta aðra kima heimsbyggðarinnar og því hefur fylgt aukin áhersla á inngildingu og aðlögun þessara hópa í samfélögin (Heleniak, 2016). Viðmælandinn frá Listasafni Íslands bendir á að það sem skilur söfn á Íslandi frá söfnum í öðrum samfélögum á Norðurlöndunum er að þar er hópur fólks af erlendum uppruna bæði fjölmennari og þjóðarbrotin fleiri. Danmörk er til dæmis mjög fjölþjóða samfélag (Danok, 2024) en Listasafn Íslands hefur meðal annars horft til safna í Danmörku þegar kemur að dagskrárgerð með áherslu á fræðslu.

Í framhaldinu fór viðmælandi frá Listasafni Íslands yfir dagskrá og verkefni sem safnið hefur nýtt sem fyrirmynd á síðustu árum þegar kemur að málefnum fólks af erlendum uppruna. Hún lýsti því hvernig Statens Museum for Kunst (SMK) í Danmörku eigi sér í raun framúrskarandi feril þegar kemur að sambandi safna og fólks af erlendum uppruna. Viðmælandi nefndi dæmi um slíka dagskrá, sem fól í sér að SMK var með fastan lið á fimmtudögum þar sem megináherslan var lögð á að gera safnið að viðkomustað og öruggu rými fyrir fólk af erlendum uppruna sem bjó í nærsamfélagi safnsins. Í þessu tilviki var áherslan ekki endilega á að miðla safneign SMK, frekar var markmiðið að opna safnið og skapa tækifæri fyrir fólk til þess að njóta þess sem öruggs rýmis, burtséð frá upprunalandi, kyni, kynhneigð, aldri, stétt og annarri stöðu viðkomanda.

Viðmælandinn lýsti öðrum dagskrárlíð í SMK sem Listasafn Íslands hefur litið til. Tiltekið verkefni nefnist *Jeg anbefaler*, sem útleggst sem *Ég mæli með* á íslensku. Verkefnið á sér stað innan veggja SMK og er partur af bæði fræðsludagskrá og tungumálakennslu í safninu (SMK, e.d.). Þá eru einstaklingar af erlendum uppruna fengnir í samstarf við safnið og velja sér verk úr safneigninni, skrifa um verkið út frá persónulegri upplifun þeirra á því og í

framhaldinu er afraksturinn staðsettur við hlið listaverkanna á veggjum SMK. Þrátt fyrir að þetta tiltekna verkefni sem viðmælandinn frá Listasafni Íslands tók sem dæmi sé afmarkað verkefni og uppskera þess lítill bæklingur sem inniheldur aðeins persónulegar frásagnir, nafn og þjóðerni, þá geta slík verkefni vegið þungt á metunum. Þetta sést meðal annars í mikilvægi þess að fjölbreyttur hópur safngesta öðlast tækifæri til þess að spegla sig í safneign safna, en það ýtir undir tilfinningar um að tilheyra, jafnvel þótt viðkomandi sé ekki í eigin upprunalandi (Gigerl o.fl., 2022) og hefur mikla þýðingu þegar kemur að aðlögunarferli og inngildingum fólks af erlendum uppruna inn í ný samfélög.

Listaverkin í SMK eru sett í nýtt samhengi, en þannig opnast hugarheimur fólks og sýningargestir fá tækifæri til þess að sjá verkin og samhengið sem þau hafa verið í með augum annarra og setja sig í spor þeirra einstaklinga. Eða með öðrum orðum, slík verkefni í návist listar og menningar, ýta undir félagslegt réttlæti og auka líkurnar á samheldni í samfélaginu (Chatterjee o.fl., 2020). Hér má greina hvernig SMK leggur rækt við að sníða til dagskrá sem teygir sig út í samfélagið og freistar þess að virka opið fyrir sem flesta samfélagshópa. Safnið gengst upp í því hlutverki sínu að vera opið rými fyrir alla, öndvert hefðbundnum og úreltum hugmyndum um söfn sem lokaðar stofnanir sem einsleitir hópar samfélagsins (menningarelítan) gerði sérstakt tilkall til. Það má ætla að þetta sé ágætis grunnur fyrir íslensk söfn til að byggja á.

Þegar kemur að dagskrárgerð og viðburðum í Listasafninu á Akureyri benti viðmælandinn frá safninu á fyrirnefndar sýningar og tók dæmi um að ungmennin frá Venesúela sem tóku þátt í sýningunni, voru með í hópi sýningarstjóra fyrir sýninguna. Það gerir það að verkum að frásagnirnar verða sannar. Þar að auki sagði viðmælandinn frá sérstökum leiðsögnum sem safnið hefur verið með fyrir fólk frá Póllandi og Venesúela, en einnig í þeim tilvikum þar sem markhópurinn er fólk á flóttu sem flust hefur til Akureyrar. Þegar kemur að því að auglýsa slíka dagskrá og viðburði, til að tryggja þátttöku þessara hópa, hefur safnið annars vegar auglýst sjálf og hins vegar í gegnum Rauða krossinn og félagsþjónustu.

Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu ræddu dagskrá og viðburði þar sem markhópurinn var fólk af erlendum uppruna. *Tálgað og tengt við náttúru og sögu* var vikulangt sumarnámskeið sem haldið var á árunum 2021 og 2022. Í því tilviki bauð safnið börnum af erlendum uppruna, ásamt öðrum börnum úr fjölskyldum í efnalega viðkvæmri

stöðu í íslensku samfélagi, að taka þátt þeim að kostnaðarlausu. Ætlunarverkið var að kenna börnunum að tálga á sama tíma og þau voru hvött til þess að tengja við handverk í samhengi við safngripi Þjóðminjasafnsins og náttúruna í kring, til dæmis í trjálundi í Hljómskálagarðinum í Reykjavík. Safnið fékk til liðs við sig þýðendur til þess að koma í veg fyrir tungumálhindranir, sem túlkuðu fyrir börnin á úkraínsku, spænsku og arabísku.

Viðmælendurnir lýstu því hvernig verkefnið reyndist erfitt í framkvæmd þar sem safnið mætti hindrunum við að ná til markhópsins, sem var fólk af erlendum uppruna og börnin þeirra. Safnið verður þarna vitni að því hvernig tilteknir samfélagshópar eru oft fjarri hinum almenna borgara í íslensku samfélagi, þar sem einstaklingunum er viðhaldið í stöðu aðkomumanna og úti á jaðri samfélagsins (Chatterjee o.fl., 2020, bls. 326). Viðmælendur safnsins bentu á að engin börn af íslenskum uppruna hafi tekið þátt í verkefninu eins og ætlunin var, þar sem svörun við boði safnsins til þátttöku var lítil sem engin frá þeim hópi. Velta má upp þeirri spurningu hvort það hafi verið einhver samfélagsleg fyrirstaða sem gerði það að verkum að foreldrar barna af íslenskum uppruna voru ekki með í verkefninu? Í framhaldinu leitaði Þjóðminjasafnið til Rauða krossins til þess að komast í samband við áður nefnda samfélagshópa.

Ætlunin var að það yrðu til tækifæri fyrir börn af erlendum uppruna til að mynda tengsl við börn af íslenskum uppruna og að báðir hóparnir myndu njóta góðs af samverunni. Börnin af erlendum uppruna gætu þannig átt möguleika á að læra um og tengja við íslenskt samfélag, siði og venjur, tungumál og sögur, í samfloti með börnum sem töluðu íslensku og það út frá rými lista og menningar. Þessi tilraun hjá starfsfólki Þjóðminjasafnsins tengist hugmyndinni um söfn sem örugg rými, þar sem áherslan er á að skapa möguleg vinatengsl og hvetja til samtals á jafningjagrundvelli hjá ungum einstaklingum.

Gera má ráð fyrir að framtak eins og verkefnið *Tálgað og tengt við náttúru og sögu* geti reynst þýðingarmikið þegar kemur að inngildingunni og aðlögun fólks af erlendum uppruna í samfélagið. Tengslanet einstaklinga sem flytja eða flýja á ókunna staði eru oft í molum, sem getur skapað ýmis konar hindranir þegar kemur að því að aðlagast nýjum samfélögum, kynnast fólki og skapa nýtt tengslanet (Löbel o.fl., 2022). Í þessu tilfalli er Þjóðminjasafnið að skapa rými þar sem einstaklingurinn getur myndað hughrif í öruggu umhverfi. Þegar börn af erlendum uppruna fá tækifæri til þess að tengjast öðrum börnum,

jafnvel eignast vini, má ætla að það geti spornað gegn því að þau verði einmana eða einangrist félagslega þegar fram líða stundir. Listir og menning geta glætt með börnunum vellíðan og opnað fyrir að þau upplifi samkennd, á sama tíma og Þjóðminjasafnið opnar fyrir samtal um menningarlega fjölbreytni.

Viðmælendur Þjóðminjasafns Íslands bættu því við að sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum fylgi iðulega með þegar fólk af erlendum uppruna sækir viðburði og dagskrá í safninu, sem er ókeypis fyrir tiltekna hópa. Stærstu hóparnir koma frá Venesúela, Palestínu, Sýrlandi og Úkraínu. Ókeypis dagskrá er ein og sér eitt brot af heildarmyndinni þegar kemur að vinnu Þjóðminjasafnsins við að hvetja fólk af erlendum uppruna til þátttöku í starfsemi safnsins. Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu bentu einnig á að slíkt væri hluti af menntunarhlutverki safnsins og sé mikilvæg samfélagsfræðsla sem safnið leggur áherslu á að sinna. Þannig virkar safnið opið og það verður jafnvel freistandi fyrir þessa samfélagshópa að njóta þess sem það hefur upp á að bjóða.

Rannsakandi veitti því sérstaka eftirtekt að viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu nefndu dagskrá í safninu sem var sniðin að konum af erlendum uppruna. Það er vert að taka fram að í þessu tilviki má segja að safnið sé að ná til samfélagshóps sem er sérstaklega berskjaldaður gagnvart ójöfnuði; kvenna og einstaklinga af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Staðreyndin er sú að það er kynjuð slagsíða sem hallar á konur og einkennir samfélagsgerðina enn um of. Sýnileiki kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og atbeini þeirra eru af skorum skammti (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019, bls. 10).

9.6 Stefnumál og söfn sem málsvarar fólks af erlendum uppruna

Síðasta meginþemað snýr að því hvort starfsfólk safnanna telji að söfnin séu raunverulega að taka þátt í virkum stuðningi við málstað fólks af erlendum uppruna í nærsamfélögum safnanna. Hér er einfaldlega verið að leita eftir því hvort leiða megi líkur að því að söfnin séu að leggja sitt lóð á vogarskálarnar; að gefa fólki af erlendum uppruna rödd í íslensku samfélagi.

Þjóðminjasafn Íslands hefur verið ötult við að setja upp sýningar sem tengjast málefnum fólks af erlendum uppruna. Þar má nefna sýningar frá undanförunum árum eins og *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi (2017)*; *Langa blokkinn í efra Breiðholti (2018)*; *Að*

vefa saman DNA (2015); Hugsað heim (2017); Pólskar rætur og daglegt líf á Íslandi – „Ég hélt ég væri lent á tunglinu...“ (2024) (Þjóðminjasafn Íslands, e.d.). Þessar sýningar sýna fram á að safnið hefur verið að gefa fjölbreyttum röddum rými og að það starfi út frá hugmyndum um fjölmeningarsamfélagið Ísland. Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu sögðu starfsfólkið þar hafa fundið fyrir ákalli eftir því að safnið lagi sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Ákallið eigi rót sína að rekja til opnari umræðu um ýmis samfélagsmálefni; kveðið er skýrt á um jafnræði en á sama tíma verður heimsbyggðin vör við aukin umsvif vopnaðra stórataka á milli þjóða og samfélagshópa.

Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu fóru yfir það hvernig safnið birtist sem málsvari fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi um þessar mundir og á síðustu árum. Það hafa hvoru tveggja verið settar upp sýningar í Þjóðminjasafninu þar sem listamenn af erlendum uppruna eru fengnir til liðs við safnið við að stýra sýningunum, en einnig hafa sýningar verið settar upp þar sem umfjöllunarefnið er afmarkað í þeim tilgangi að fjalla um og vekja athygli á málefnum fólks af erlendum uppruna.

Þetta má greina í samhengi við ofangreindar hugmyndir Whitehead o.fl., um hver aðkoma starfsfólks á söfnum geti verið þegar kemur að sýningargerð sem tengist málefnum fólks af erlendum uppruna. Þar segir að mikilvægt sé að söfn setji upp slíkar sýningar á þann veg að sýningargestir finni fyrir hvatningu til þess að lesa í skilaboðin sem safnið reynir að koma til skila er fjalla um menningarlega fjölbreytni og þær breytingar sem sjálfsmyndir þjóða hafa gengið í gegnum, undir áhrifum frá ýmsum menningarkimum í sögulegu samhengi (Whitehead o.fl., 2015, bls. 30).

Viðmælendurnir frá Þjóðminjasafninu töluðu um grunnsýninguna í safninu sem hefur staðið í 20 ár. Það má því gera ráð fyrir því að sýningin innihaldi lífseiga söguskoðun um líf og tilveru Íslendinga í gegnum árin og aldirnar. Það getur reynst erfitt að eiga við svona rótgrónar og yfirgripsmiklar sýningar, þrátt fyrir ákall eftir breytingum frá samfélaginu, sem og frá nýju safnafræðinni. Viðmælendurnir lýstu því hvernig Þjóðminjasafnið takist á við þessar áskoranir. Það er gert meðal annars með því að leggja áherslu á að halda viðburði, sérsýningar og „pop-up“ sýningar sem er tímabundin dagskrá sérstaklega hönnuð til þess að mæta samfélagshópum eins og fólki af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Viðmælendur lögðu þannig áherslu á að öll starfsemi í Þjóðminjasafninu sem tengist ekki grunnsýningunni er töluvert meira fljótandi og getur tekið breytingum hratt.

Þess háttar breytingar geta átt sér stað samhliða breyttum áherslum í samfélaginu og hvaða þætti er mikilvægt að innleiða í starfsemi safnsins, sýningar og dagskrárgerð hverju sinni. Slík nálgun hjá Þjóðminjasafninu virkar sem mótleykur við grunnsýningu safnsins, sem kann að virðast einsleit og forneskjuleg.

Viðmælandinn frá Listasafni Íslands útlistaði atriði sem birtast í innri starfsemi safnsins og eru til þess fallin að stuðla að jafnræði þegar kemur að málefnum fólks af erlendum uppruna. Í safninu starfa þrír einstaklingar við fræðslumál og einn þessara einstaklinga ber ábyrgð á inngildingarmálum í safninu. Í þessu má greina hvernig Listasafn Íslands undirstrikar mikilvægi þess að lögð sé áhersla á jafnræði og fjölbreytileika í starfsemi safnsins. Vilji þess til að mæta umræddum hópum og menningarlegri fjölbreytni yfir höfuð, að vera samferða breytingum í samfélaginu og samþykkja þörfina fyrir nýjar nálganir, er því töluverður.

Á sama tíma má halda því fram að með þessu fjölbreytta starfi sínu, sem er sérsniðið að inngildingum, er Listasafn Íslands að staðfesta tilvist fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og öðrum þræði að viðurkenna misrétti og viðkvæma stöðu þessara hópa. Safnið sýnir þar með í verki vilja til þess að mæta þeim og láta reyna á að breyta samfélaginu til betri vegar með aukin lífsgæði og jöfnuð að leiðarljósi. Auk þess sýnir þetta að Listasafn Ísland er að uppfylla samfélagslegt hlutverk sitt og nýta áhrif þess til mótandi og jákvæðra áhrifa á orðræðu tengda jaðarhópum.

Richard Sandell heldur því fram að áætlanir safna um áframhaldandi áherslu á safnastarfsemi sem virkar til þess að gera söfn að fulltrúum félagslegs réttlætis, til dæmis sú sem byggir á inngildingum og aðlögun fólks af erlendum uppruna, sé langtímaverkefni fyrir söfn (Sandell, 1998). Viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri sagði áform safnsins um að auka þátttöku eða samband safnsins við samfélög fólks af erlendum uppruna á Akureyri vera raunverulega til staðar og að safnið haldi áfram að kappkosta að ná til þessara samfélagshópa í gegnum samvinnu við Rauða krossinn og félagsþjónustu á Akureyri. Í sambandi við mögulegar hindranir sem safnið hefur mætt benti viðmælandi á að þær birtist einna helst í skorti á tíma fyrir starfsfólk safnsins til þess að vinna slíka vinnu af þeim krafti sem óskandi væri.

Listasafnið á Akureyri fylgir jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar (2023-2027) og í klausu númer sjö eru málefni sem tengjast uppruna og þjóðerni tekin fyrir (Akureyrarbær, 2023).

Þar segir meðal annars:

Óheimilt er að mismuna bæjarbúum vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum og allir einstaklingar eiga rétt á sams konar viðmóti og framkomu, óháð uppruna eða þjóðerni. Varast ber að flokka alla sem falla undir þessar skilgreiningar sem einn hóp. Gæta þarf að stöðu kvenna, karla, hinsegin fólks, fatlaðs fólks og barna af erlendum uppruna í sveitarfélaginu og bregðast við ef á einhvern hópinn hallar (Akureyrarbær, 2023).

Viðmælandinn frá Listasafninu á Akureyri sagði að safnið taki þátt í virkum stuðningi við þann hóp fólks sem er af erlendum uppruna og býr í nærsamfélagi safnsins, segir safnið vera með „heilmikla viðleitni í þessa átt og við höldum áfram að reyna að ná til þessara hópa.“ Viðmælandinn lýsti því að hlutverk safnsins, þegar kemur að því að hafa áhrif á opinbera umræðu um málefni fólks af erlendum uppruna, sé að vinna út frá þeirri hugmyndum að listasafn geti virkað sem sameiningarafl og endaði á því að lýsa því að „list er fyrir alla og við erum öll listafólk – upp að vissu marki.“

Listasafnið á Akureyri virðist meðvitað um hlutverk sitt í samfélaginu, hvernig samfélagsgerðin er síbreytileg og uppbyggð af margbreytilegri menningu, sem og mikilvægi þess að söfn taki þátt í að búa til rými þar sem fjölbreyttar raddir og fyrirmyndir fá að taka pláss. Viðmælandi var að lokum spurður að því hvort safnið álíti það mikilvægt að mæta þessum samfélagshópum, hvort það telji að söfn geti haft áhrif á skilning almennings og tekið þátt í alþjóðlegu átaki um vitundarvakningu á sviði fólks af erlendum uppruna. Viðmælandi svaraði: „Já algjörlega. Það er hlutverk safna í dag að sameina fólk og að allir séu með og upplifi sig velkomna til að sjá eitthvað við sitt hæfi.“

10 Umræða og lokaorð

Með hnattvæðingunni, þensluskeiði í fólksflutningum landa á milli og þar af leiðandi aukinni menningarlegri fjölbreytni í flestum nútímasamfélögum, hefur skapast skýrt ákall um að söfn endurhugsi og endurhanni starfsemi sína. Ljóst er að söfn eru vettvangar sem geta reynst þýðingarmiklir fyrir samfélagið í heild sinni, ýtt undir félagslegt réttlæti og opnað á samtal og skilning milli ólíkra hópa. Sem mennta- og menningarstofnanir er mikilvægt að söfn leggi áherslu á að starfa sem rými sem einkennast af öryggi og að allir samfélagshópar upplifi sig velkomna. Söfn eru fleytifull af menningu og listum og geta þannig aukið vellíðan meðal fólks, sem er sérlega mikilvægt þegar kemur að fólki af erlendum uppruna þar sem einmanaleiki og félagsleg einangrun eru algeng vandamál hjá þeim samfélagshópum. Með því að leggja áherslu á fjölbreytileika, inngildingu og samkennd í sýningar- og dagskrárgerð geta söfn þannig starfað fyrir alla og tekið þátt í að bæta jafnræði í heimi sem einkennist um of af átökum og sundrunu.

Líkt og komið hefur fram þá er Listasafn Íslands eitt af þremur höfuðsöfnum Íslands og þjóðlistasafn á sviði myndlistar. Samkvæmt safnalögum er grunnhlutverk safnsins að „hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila“ (safnalög nr. 141/2011) sem og að safna, skrá, varðveita, rannsaka og miðla íslenskri myndlist (safnalög nr. 141/2011). Auk þess starfar Listasafn Íslands eftir safnastefnu íslenskra listasafna, þar sem er kveðið nánar á um hverjar skyldur safnsins sem höfuðsafns Íslands á sviði myndlistar eru. Þar er meðal annars komið inn á félagslegt hlutverk listasafna og að slíkar stofnanir eigi að „gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki, stuðla að virkri þátttöku og vekja fólk til umhugsunar“ (Stefna Listasafna, 2022). Á vefsíðu safnsins er jafnframt lögð áhersla á fræðsluhlutverk safnsins, þar sem segir að „markmið safnsins er að móta jákvætt og skapandi umhverfi með virkri fræðslu sem býður gestum upp á einstaka reynslu þar sem þeir geta aukið við þekkingu sína á myndlist, öðlast innsæi og áttað sig á samhengi nútíðar og fortíðar“ (Listasafn Íslands, e.d.a).

Þessi ákvæði um hlutverk Listasafns Íslands tengjast menningarlegri fjölbreytni þegar safnið leggur áherslu á að það vilji „ná til sem flestra landsmanna, mismunandi menningar- og aldurshópa, og stuðla þannig að aukinni lífshamingju og sátt í samfélaginu“ (Listasafn Íslands, e.d.a). Niðurstöður úr viðtalinu við fulltrúa frá Listasafni Íslands renna stoðum undir opinbera áherslu safnsins um fræðsluhlutverk þess, en út frá þeim er ljóst að safnið nýtir safnfræðslu og viðburði til þess að ná til fólks af erlendum uppruna og hvetja þau til að njóta þess sem safnið hefur upp á að bjóða.

Menntunarhlutverk safna er víðtækt en eins og Hooper-Greenhill bendir á geta söfn virkað sem námssvæði þar sem fjölbreyttur hópur einstaklinga fær tækifæri til að mennta sig með virkri þátttöku. Með slíkum hætti styrkjast möguleikarnir á persónulegri og gagnrýnni ígrundun í samhengi við þær upplýsingar sem birtast í safninu. Enn frekar segir Hooper-Greenhill að með því að leggja áherslu á inngildingun og aðlögun í fræðslustarfi safna megi leggja grunn að lýðræðislegri þekkingu fyrir mann nútímans jafnt og komandi kynslóðir framtíðar. Í framhaldinu er hægt að tryggja að fjölbreyttar raddir og sjónarhorn fái rými og vægi, bæði innan veggja safna sem úti í samfélaginu (Hooper-Greenhill, 1999).

Þegar tekið er mið af markmiðum Listasafns Íslands má sjá hvernig því er skylt að sinna samfélagslegu hlutverki, sem og að veita vellíðan og samhygð í íslensku samfélagi byr undir báða vængi. Í viðtalinu við viðmælandann frá Listasafni Íslands er ljóst að þær hugmyndir sem þar koma fram ganga í takt við þessa ákveðnu hugsjón um hlutverk og markmið safnsins sem má finna á opinberum vettvangi (til dæmis vefsíðu safnsins) og snúa að samfélagslegu hlutverki þess gagnvart öllum samfélagshópum. Það má aftur á móti gera ráð fyrir því að það séu tækifæri fyrir Listasafn Íslands að ná til fólks af erlendum uppruna og upphefja menningararf annarra samfélagshópa en þeirra sem eru ríkjandi á Íslandi, á fjölbreytilegri máta en í gegnum fræðslustarf safnsins. Í því samhengi má líta til hugmynda Korff um þematengdar og tímabundnar sýningar sem eru settar upp í söfnum sem starfa annars eftir skýru markmiði, í þessu tilfalli að sýna og varðveita íslenska myndlist, til þess að vekja athygli á tilteknum málstað (Korff, 2005).

Viðtölin við Listasafnið á Akureyri, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands gefa mynd af því hvernig söfnin hafa mennta- og menningarleg áhrif út í samfélagið og sýna ákveðið frumkvæði þegar litið er til úrræðanna sem þau hafa tekið upp í þessum málaflokki. Það má með sanni segja að söfnin þrjú hafi ekki verið framtakslaus þegar kemur að málefnum

fólks af erlendum uppruna, hvað sem öðru líður. Færa má sönnun fyrir þessu þegar litið er til þess hvernig söfnin hafa sýnilega unnið að því í gegnum árin að skapa aðgengilegt umhverfi fyrir fjölbreytilega samfélagshópa. Með því að leita út í samfélagið og búa til dagskrá sem miðar að fólki af erlendum uppruna, vinna söfnin út frá hugmyndum um vægið sem felst í því að stuðla að jöfnu aðgengi fyrir alla samfélagshópa og hvetja til samfélagsþátttöku (Kinsley, 2016).

Niðurstöður úr viðtölunum við söfnin sýna einnig að starfsfólk þeirra hefur fundið fyrir breyttum áherslum í samfélaginu og aukinni áskorun í þá átt að söfnin finni sér farveg til þess að mæta hópi fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Nálgun starfsfólks á starfsemi safnanna hefur greinilega byrjað að taka mið af auknum menningarlegum fjölbreytileika í íslensku samfélagi og þannig verið hafist handa við að finna viðeigandi lausnir fyrir söfnin. Þær misjöfnu og mögulega mis-skilvirku lausnir eru til þess fallnar að opna dyrnar að söfnunum, meðal annars fyrir fólki af erlendum uppruna, með inngildandi áherslur að leiðarljósi.

Þetta er bæði í takti við ákallið frá Alþjóðlegu fólksflutningastofnuninni um að allir kimar samfélagsins finni sér farveg til þess að aðlagast aukinni menningarlegri fjölbreytni í samtímanum (International Organization for Migration, e.d.) og við fræðilega orðræðu sem fléttast í kringum þá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í seinni tíð varðandi félagslegt hlutverk safna. Þar er grunnhugmyndin byggð á því að til þess að söfn haldi sér á flot í marglaga fjölmeningarsamfélögum nútímans verði þau að mæta þverskurði af samfélaginu (Network of European Museum Organisation, 2016) og haga starfseminni út frá þeim hugmyndum að söfn eru ekki hlutlaus í nálgun sinni á þann efnivið sem þau vinna með (McCall og Gray, 2013; Network of European Museum Organisation, 2016).

Út frá svörum viðmælendanna frá Þjóðminjasafni Íslands má greina hvernig safnið mætir hópi fólks af erlendum uppruna út frá öllum þeim sem tekin voru fyrir. Það er mikilsvert þegar kemur að starfsemi eins af þremur höfuðsöfnum landsins, þar sem meginhlutverk þess er að varðveita þjóðminjar íslensks samfélags. Þjóðminjasafnið leggur áherslu á að teygja menningarlega anga sína víða um samfélagið og virðist vera meðvitað um áhrifamátt safnsins í mótun jákvæðrar orðræðu í garð fólks af erlendum uppruna. Safnið virðist nokkuð tengt við nærsamfélag sitt og getur þannig haft áhrif á ráðandi skoðanir í íslensku samfélagi gagnvart umræddum jaðarhópum. Í slíkum tilvikum er

mikilvægt að safnið einfaldi ekki sjónarhorn einstaklinganna eða breyti lifaðri reynslu þeirra, heldur fái fólk úr þessum samfélagshópum í samtal við safnið til þess að frásögnin verði sönn (Whitehead o.fl., 2015).

Þar að auki virðist vera vilji hjá Þjóðminjasafni Íslands til þess að haga starfseminni á þá leið að mismunandi menningar og þjóðhættir venslist. Safnið stendur þannig sem tákni fyrir raunverulegan fjölbreytileika í samfélaginu. Þannig virkar það sem öruggt rými, ýtir undir samkennd í samfélaginu, leitast við að rjúfa félagslega einangrun og undirstrikar virðingu fyrir fjölbreytileikanum. Með þessu móti eru fordómafullar hugmyndir bældar niður og sýnileiki fjölbreytileikans eflist. Sem þjóðminjasafn smárrar þjóðar sem hefur verið einsleit um langt skeið og byggt tilveru sína á þjóðernissinnuðum hugmyndum um hreinleika þjóðarinnar (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2009), þá má telja það mikilsvæði að safnið leggi áherslu á að ná til og sýna menningarlega fjölbreytni í íslensku samfélagi.

Þegar Listasafnið á Akureyri, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands leggja áherslu á að fá fólk úr jaðarsettum hópum í íslensku samfélagi inn á safnið, verður til rými fyrir fjölbreyttan hóp einstaklinga til þess að tengja sig við þá gripi og þær upplýsingar sem söfnin setja fram. Líkt og kemur fram í skrifum Falk geta einstaklingar á þennan máta upplifað margvíslegar birtingarmyndir vellíðunar og tilfinningar sem styrkja sjálfsmýndina (Falk, 2021). Slíkt hefur einnig gagnkvæm áhrif, þar sem söfnin tengja sig við einstaklinga á nýjum og kannski óvæntum sviðum samfélagsins. Söfnin nýta þá sérstöðu sem listir og menning geta haft til þess að ýta undir félagslegt réttlæti og samkennd í samfélaginu, á tungumáli sem allir jarðarbúar geta tengt við og skilið (Ahmed, 2024).

Út frá viðtalinu við fulltrúana frá Þjóðminjasafni Íslands má greina víðtæka áherslu á inngildandi starfsemi hjá safninu, til dæmis út frá því hvernig það tengir sig við málstaði hjá fleiri jaðarhópum í samfélaginu. Viðmælendurnir sögðu til dæmis frá dagskrá og sýningum í safninu sem voru til þess fallnar að miðla málum annarra jaðarhópa í íslensku samfélagi, meðal annars hinsegin fólki og blindu fólki. Það er skýr þráður í gegnum viðtalið við Þjóðminjasafnið sem einkennist af þeirri grunnhugsjón að öllum samfélagshópum – eða öllum einstaklingum samfélagsins – líði eins og þeir eigi erindi inn fyrir dyr Þjóðminjasafns Íslands. Á þann veg er safnið að starfa í takti við þær hugmyndir að söfn eigi að virka sem örugg rými, þar sem allir geta speglað sig á einn eða annan hátt í þeim

gripum og upplýsingum sem þar birtast (Gigerl o.fl., 2022). Markmiðið virðist því vera að þeir einstaklingar sem stíga fæti inn á Þjóðminjasafnið og eru af erlendum uppruna á Íslandi, upplifi tilfinningu um að tilheyra íslensku samfélagi. Það er mikið vægi fólgið í því þegar það er sett í samhengi við fræðilega orðræðu um félagslegt hlutverk safna í samtímanum.

Út frá niðurstöðum úr viðtölunum má renna stoðum undir að hlutverk safnanna þriggja er ekki einungis að vera varðveislustaðir fyrir menningararf íslensks samfélags, heldur ekki síður að vera virkir þátttakendur í samfélagslegri umræðu. Það rímar við hugmyndir Falk um breytt hlutverk safna, getu þeirra til að styrkja félagsauð og möguleikann á að virka sem fyrirbyggjandi afl gegn félagslegri einangrun (Falk, 2021).

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og Listasafnsins á Akureyri sem vettvangar þar sem fjölbreytileiki samfélagsins fær rými verður ljóst þar sem söfnin hafa frumkvæði að því að leita inn í samfélag fólks af erlendum uppruna og fá einstaklinga þaðan í lið með sér, hvoru tveggja við sköpunarferlið og uppsetningu efnis á sýningum. Söfnin virðist þannig vera í samfloti með samfélagslegum breytingum í nærumhverfinu sem sjást á því að hið íslenska samfélag hefur þróast frá því að vera einsleitt bæði útlitslega og menningarlega, yfir í að vera samfélag sem einkennist af menningarlegri fjölbreytni.

Það eru einstaklingar og stofnanir í samfélaginu sem viðhalda orðræðu sem byggir oft á fordómum og jaðarsetningu ákveðinna hópa. Þau þrjú söfn sem voru skoðuð í þessu verkefni eru öll söfn sem geta haft áhrif á orðræðu og þekkingarsköpun í því nærsamfélagi sem þau þjóna, út frá framsetningu á gripum og upplýsingum sem birtast í safninu. Með því að leggja áherslu á fjölbreytileika og þar með inngildandi nálganir í sýningum og fræðslu þar að lútandi, styðja þau við þvermenningarlegan skilning í samfélaginu. Það hjálpar til við að hrekja fordómafullar og einstaklingsmiðaðar hugmyndir á bug og ýtir frekar undir samkennd og samheldni (Lanz, 2017).

Aukin áhersla á inngildingu og fjölbreytileika í tengslum við allar hliðar starfsemi safna hefur orðið til þess að þessar stofnanir eru að þróast í áttina að því að vera virkir samfélagsvettvangar, þar sem þættir eins og samtali milli ólíkra einstaklinga, þátttaka, samkennd og félagsleg samheldni þrífast. Í tengslum við þessar breyttu áherslur eru söfn sem mennta- og menningarstofnanir að fara ótroðnar slóðir til að finna sér hentugan og réttan farveg til að fíkra sig eftir með það að markmiði að vera í virku samtali við hópa

eins og fólk af erlendum uppruna sem byggir á jafnræði. Slík nálgun tengist öllum hliðum safnastarfsemi, hvort sem um er að ræða fjölbreyttari menningarlega framsetningu á sýningum, nýrri útfærslu á fræðsludagskrá og viðburðum sem brýtur niður tungumálamúra, samfélagsþátttöku, hugmyndina um söfn sem örugg rými, mikilvægi vellíðunar og þar fram eftir götunum. Þar að auki er nauðsynlegt að áherslan sé lögð á mikilvægi menningartengsla milli mismunandi hópa í íslensku samfélagi, en þannig geta söfn ýtt undir skilning á sama tíma og þau veita sundrunu og sérhyggju í samfélaginu mótspyrnu.

Í samhengi við ofangreinda fræðilega orðræðu sést hvernig söfn veita gestum og gangandi tækifæri til þess að upplifa sig sem hluta af stærri heild þegar þau leggja áherslu á þess konar starfsemi. Það er einkum áriðandi í samhengi við fólk af erlendum uppruna, sem missir iðulega sýn á menningarlegri sjálfsmynd sinni. Í sögulegu samhengi má sjá þessa skýru þróun með aukinni áherslu á samfélagslegt hlutverki safna. Með því að setja raddir fólks af erlendum uppruna í forgrunn, eða annarra jaðarsettra hópa, leggja söfn sitt af mörkum við að skapa samfélag sem byggir á félagslegri samheldni. Söfn á Íslandi hafa þannig tækifæri til þess að nýta samfélagslegt vægi sitt og ýta undir jafnræði í íslensku samfélagi.

Nálganir sem byggja á hugmyndum eins og um hið gagnrýna safn (e. *interrogative museum*) sem Ivan Karp og Corianne A. Kartz hafa fjallað um má nýta í tilfellum safnanna þriggja og tilraunum þeirra til þess að mæta fólki af erlendum uppruna. Hugmyndin um hið gagnrýna safn gengur út frá því að einstaklingar eru með atbeina til þess að túlka á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem birtast þeim í söfnum. Með öðrum orðum, safngestir hafa ákveðinn gerendamátt og eru ekki hlutlausir neytendur. Ef safnastarfsfólk er meðvitað um þessa kenningu í sínu daglega safnastarfi getur orðið til samtala á jafningjagrundvelli milli safnanna og safngesta. Í framhaldinu opnast fyrir umræður sem byggja á aðkomu mismunandi sjónarhorna (Karp og Kratz, 2015).

Rekstur, starfsemi og stærð Listasafnsins á Akureyri, Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands eru mismunandi. Tvö safnanna eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, en Listasafnið á Akureyri á landsbyggðinni. Niðurstöður benda þó til þess að söfnin séu öll, hvert á sinn hátt, að haga starfseminni til að mæta fólki af erlendum uppruna á Íslandi. Miklar áskoranir virðast felast í því að ná til

Þessara hópa og það, ásamt mörgu öðru, er úrlausnarverkefni fyrir söfn. Raunveruleikinn er sá að þrátt fyrir misgóða stöðu safna, til dæmis þegar kemur að fjárhagsstöðu, þá búa öll söfn yfir miklu félagslegu- og menningarlegu auðmagni. Það þýðir að tilvist safna heldur áfram að draga sýningargesti að, sem mynda þá tengsl og afla sér upplýsinga um það sem birtist þeim á sýningum eða öðrum viðburðum safna (Lannes og Rhodes, 2019).

Starfsemi safnanna sem viðtölin voru tekin við, virðist ganga út á að nálgast málefni fólks af erlendum uppruna á einn eða annan hátt á gagnrýninn máta, sem kemur greinilega í kjölfar aukinnar menningarlegrar fjölbreytni á Íslandi. Aðferðir safnanna má til dæmis setja í samhengi við téðar hugmyndir Whitehead o.fl., um það hvernig söfn hafa tækifæri til þess að hvetja til gagnrýnnar yfirferðar á ráðandi söguskoðun í hverju samfélagi, sem og að nálgast safnkost safna á nýjan máta og í takti við samfélagslegar breytingar (Whitehead o.fl., 2015), sem söfnin þrjú virðast vera að sinna, hvert á sinn hátt og mismikið.

Listasafnið á Akureyri, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands kjósa að grípa til aðgerða með ýmsum leiðum í stað þess að vera hlutlausir áhorfendur þegar kemur að samfélagsmálefnum eins og þeim sem tengjast fólki af erlendum uppruna. Með þessum hætti eru þau að ganga inn í hlutverk samfélagsstofnana sem ávinna sér félagslegt bolmagn til þess að vera í virku samtali við þverskurð samfélagsins. Söfnin hverfa þannig frá hefðbundnum hugmyndum um söfn sem hlutlausir varðveislustaðir fyrir menningararfleifð mannkynsins og færast yfir á að vera virkir vettvangar samtals, samvinnu og samkenndar (Porsché, 2018; Raicovich, 2021).

Líkt og komið hefur fram er þetta verkefni sem krefst úthalds, framsýni og sköpunargáfu (Sandell, 2012). Það leikur ekki á tveim tungum að það er margt í starfsemi safnanna þriggja, sem og annarra safna á Íslandi, sem má breyta og bæta þegar kemur að því að mæta hópi fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Það væri til að mynda áhugavert ef söfn á Íslandi myndu ráðast í átak við að safna saman tölulegum upplýsingum um nákvæman fjölda fólks af erlendum uppruna sem nýtir sér þjónustu safnanna á einn eða annan hátt. Slíkt gæti verið hluti af langtímamarkmiði og virkað sem upplýsingagrunnur til að byggja á í framtíðinni. Því eitt er víst og það er að heimsmyndin heldur áfram að taka stöðugum og róttækum breytingum, en það þýðir stanslaust streymi áður óséðra áskorana fyrir stofnanir eins og söfn sem starfa í þágu samfélagsins.

Heimildaskrá

- Abrams, D. (2010). Processes of prejudice: Theory, evidence and intervention. *Equality and Human Rights Commission*, 56.
<https://www.equalityhumanrights.com/sites/default/files/research-report-56-processes-of-prejudice-theory-evidence-and-intervention.pdf>
- Abungu, G. O. (2019). Museums: Geopolitics, Decolonisation, Globalisation and Migration. *Museum International*, 71(1-2), 62-71.
<https://doi.org/10.1080/13500775.2019.1638030>
- Ahmed, S. (2024). Art as a Universal Language: Connecting Humanity. *Al-Safiir*, 8(1).
<https://www.al-safiir.com/index.php/Al-Safiir/article/view/242>
- Akureyrarbær. (2023). *Mannréttindastefna Akureyrarbæjar 2023-2027*.
<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthykkir/jafnrettis-og-fjolskyldumal/mannrettindastefna-akureyrarbaejar-2023-2027>
- American Alliance of Museums. (2024, 23. júlí). *Mental Health for all*. <https://www.aamus.org/2024/07/23/mental-health-for-all/>
- American Association of Museums. (2010). *Center for the Future of Museums: Demographic Transformation and the Future of Museums*. <https://www.aamus.org/wp-content/uploads/2017/12/Demographic-Change-and-the-Future-of-Museums.pdf>
- Anderson, D. (1999). *A Common Wealth: Museums in the Learning Age*. TSO.
- Anna Jóhannsdóttir. (2011, 24. nóvember). *Íslensk listasaga og Listasafn Íslands*. Hugrás.
<http://hugras.is/2011/11/islensk-listasaga-og-listasafn-islands/>
- Anna Ólafsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir. (2021). Rannsóknir með blönduðum aðferðum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 637-651). Háskólinn á Akureyri.
- Ariese, C. E. (2022). Increasing Inclusivity. Í C. E. Ariese og M. Wróblewska (ritstjórar), *Practicing Decoloniality in Museums: A Guide with Global Examples* (bls. 37-50). Amsterdam University Press.
- Avei, İ. A., Korkmaz, M., Yıldırım, Ö. Ö., Çal, A., Gülerce, H., Atayoğlu, A. T., . . . Acarkan, İ. (2023). Analysis of Post-Migration Traumatic Events Influence on Immigrants and their Personality Traits. *Central European Journal of Public Health*, 31(3), 204-209.
doi:<https://doi.org/10.21101/cejph.a7651>
- Árnastofnun. (e.d.). *Inngilding*. <https://malid.is/leit/inngilding>

- Ásta Hlín Magnúsdóttir og Guðrún Sóley Gestsdóttir. (2024, 23. apríl). Meiri skautun í umræðu um málefni innflytjenda og flóttafólks. *RUV*.
<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-04-23-meiri-skautun-i-umraedu-um-malefni-innflytjenda-og-flotta-folks-411098>
- Bjarnason, T., Stevenson, C., Shuttleworth, I. og Meckl, M. (2019). Spatial mobility and tolerance towards immigrants: the case of Northern Iceland. *Ethnic and Racial Studies*, 43(10), 1813-1832. <https://doi.org/10.1080/01419870.2019.1667003>
- Cardoso, C. V., Arfvidsson, H. og Persson, M. (2024). Handling collections: Potentials, challenges, and ongoing experiments at the Museum of World Culture, Sweden. *International Journal of Heritage Studies*, 1-14.
<https://doi.org/10.1080/13527258.2024.2443930>
- Charr, M. (2020). *What can Museums teach us about diversity*. Museum Next.
<http://www.museumnext.com/article/what-can-museums-teach-us-about-diversity>
- Chatterjee, H. J., Clini, C., Butler, B., Al-Nammari, F., Al-Asir, R. og Katona, C. (2020). Exploring the psychosocial impact of cultural interventions with displaced people. Í E. Fiddian-Qasmiyeh (ristjóri), *Refuge in a Moving World* (bls. 323-345).
<https://www.jstor.org/stable/j.ctv13xpwtw.29>
- Cheng, P., Zhang, W. og Huang, Y. (2021). Constructing National and Local Identity in the Third World: New Museology Movement and Its Challenges. *Advances in Social Science: Education and Humanities Research*, 955-962.
doi:10.2991/assehr.k.211020.288
- Cobb, C. L., Branscombe, N. R., Meca, A., Schwartz, S. J., Xie, D., Zea, M. C., Molina, L. E. og Martinez, C. R. (2019). Toward a Positive Psychology of Immigrants. *Perspectives on psychological science: A journal of the Association for Psychological Science*, 14(4), 619-632. <https://doi.org/10.1177/1745691619825848>
- Danok, E. (2024, 11. mars). *Cultural Understanding in Denmark: Embracing Diversity and Communication*. <https://www.linkedin.com/pulse/cultural-understanding-denmark-embracing-diversity-ezekiel-danok-nplvf/>
- Davíð Kjartan Gestsson. (2020, 11. febrúar). Léttleikandi dauði í Listasafninu á Akureyri. *RUV*. <https://nyr.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmaj/lett-leikandi-daudi-i-listasafninu-a-akureyri>
- Dragija, M. Š. og Jelinčić, D. A. (2022). Can museums help visitors thrive? Review of studies on psychological wellbeing in museums. *Behavioral Sciences*, 12(11), 457-473. doi:<https://doi.org/10.3390/bs12110458>
- European Commission. (2015). *European museums in an age of migration*. <https://projects.research-and-innovation.ec.europa.eu/en/projects/success-stories/all/european-museums-age-migration>

- Falk, J. H. (2021). *The Value of Museums: Enhancing Societal Well-Being*. Rowman & Littlefield.
- Falk, J. H. (2022, 10. janúar). *Why Well-Being Is at the Heart of Museum Experiences*. American Alliance of Museums. <https://www.aam-us.org/2022/01/10/why-well-being-is-at-the-heart-of-museum-experiences/>
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Fraser, N. og Honneth, A. (2003). *Redistribution or Recognition?: A Political-Philosophical Exchange*. Verso
- Gátt. (2024). *Menningarnæmi í fullorðinsfræðslu*. <https://gatt.frae.is/2024/menningarnaemi-i-fullordinsfraedslu/>
- Gigerl, M., Sanahuja-Gavaldà, J. M., Petrinska-Labudovikj, R., Moron-Velasco, M., Rojas-Pernia, S. og Tragatschnig, U. (2022). Collaboration between schools and museums for inclusive cultural education: Findings from the INARTdis-project. *Frontiers in Education*, 7(979260). doi: 10.3389/educ.2022.979260
- Giglioli, I. (2016). *Migration, Austerity, and Crisis at the Periphery of Europe*. <https://www.otheringandbelonging.org/migration-austerity-and-crisis-at-the-periphery-of-europe/>
- Grossi, E., Blessi, G. T., Sacco, P. L. og Buscema, M. (2012). The interaction between culture, health and psychological well-being: Data mining from the Italian culture and well-being project. *Journal of Happiness Studies: An Interdisciplinary Forum on Subjective Well-Being*, 13(1), 129-148. <https://doi.org/10.1007/s10902-011-9254-x>
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir. (2020). Attitudes towards refugees and Muslim immigrants in Iceland: The perceived link to terrorism. *Icelandic Review of Politics and Administration*, 16(2), 217-242. <https://www.ssoar.info/ssoar/handle/document/84491>
- Gurian, E. H. (1995). Offering Safer Public Spaces. *The Journal of Museum Education*, 20(3), 14-16. <http://www.jstor.org/stable/40479037>
- Hagstofa Íslands. (2024). *Mannfjöldi*. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2024/>
- Haile, S. (2020). Voices to be heard? Reflections on refugees, strategic invisibility and the politics of voice. Í E. Fiddian-Qasmiyeh (ritstjóri), *Refuge in a Moving World* (bls. 32-40). UCL Press. <https://doi.org/10.2307/j.ctv13xpwtw.9>
- Halldóra Arnardóttir. (2017). *Listir og menning sem meðferð – íslensk söfn og Alzheimer*. Háskólaútgáfan.

- Halldóra Arnardóttir. (2023). Söfn og inngilding. *Kvistur*, 10(10), 24-27.
<https://timarit.is/page/8090416#page/n23/mode/2up>
- Hede, A. M., Garma, R., Josiassen, A. og Thyne, M. (2014). Perceived authenticity of the visitor experience in museums: Conceptualization and initial empirical findings. *European Journal of Marketing*, 48(7), 1395-1412. <https://doi.org/10.1108/EJM-12-2011-0771>
- Heilsuvera. (e.d.). *Fimm leiðir að vellíðan*.
<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/vellidan/fimm-leidir-ad-vellidan/>
- Heleniak, T. (2016). The Cool Embrace: Recent Migration Trends into the Nordic Region. *Nordregio Magazine*. <https://nordregio.org/nordregio-magazine/issues/migration-and-integration/the-cool-embrace-recent-migration-trends-into-the-nordic-region/>
- Hetherington, K. (2011). Foucault, the Museum and the Diagram. *The Sociological Review*, 59(3), 457-475. <https://doi.org/10.1111/j.1467-954X.2011.02016.x>
- Heu, L. C., Zomeren, M. og Hansen, N. (2020). Far away from home and (not) lonely: Relational mobility in migrants' heritage culture as a potential protection from loneliness. *International Journal of Intercultural Relations*, 77, 140-150.
<https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2020.05.005>
- Hooper-Greenhill, E. (1999). *The Educational Role of the Museum*. Routledge.
- ICOM. (2022a). *Allsherjarþing ICOM samþykkir nýja safnaskilgreiningu*.
<https://icom.is/allsherjarthing-icom-samthykkir-nyja-safnaskilgreiningu/>
- ICOM. (2022b). *Opinber þýðing nýrrar safnaskilgreiningar ICOM á íslensku*.
<https://icom.is/islensk-thyding-nyrrar-safnaskilgreiningar-icom/>
- ICOM. (2015). *Síðareglur ICOM*. <https://icom.is/sidareglur/>
- Igarashi, T., Johnston, J. og Koizumi, M. (2023). Public Library Programming and Events for Overcoming Social Divisions. *Libri*, 73(4), 345-354. <https://doi.org/10.1515/libri-2023-0014>
- International Organization for Migration. (2024b). *Foreword*.
<https://worldmigrationreport.iom.int/what-we-do/foreword/foreword>
- International Organization for Migration. (e.d.). *How to solve migration: A practical guide*. <https://lac.iom.int/en/blogs/how-solve-migration-practical-guide>
- International Organization for Migration. (2012). *IOM and migrant integration*.
https://www.iom.int/sites/g/files/tmzbdl486/files/migrated_files/What-We-Do/docs/IOM-DMM-Factsheet-LHD-Migrant-Integration.pdf

- International Organization for Migration. (2024a). *Report Overview: Migration Continues to Be Part of the Solution in a Rapidly Changing World, but Key Challenges Remain*. <https://worldmigrationreport.iom.int/what-we-do/world-migration-report-2024-chapter-1/what-has-happened-migration>
- Ísland. (e.d.). *Einmanaleiki – Félagsleg einangrun*. <https://island.is/felagsleg-einangrun>
- Jafnréttisstofa. (2022). *Meinlaust*. <https://www.jafnretti.is/is/vinumarkadur/kynferdisleg-og-kynbundin-areitni/meinlaust>
- Janes, R. R. og Sandell. (2019). Posterity has arrived: The necessary emergence of museum activism. Í R. R. Janes og R. Sandell (ritstjórar), *Museum Activism* (bls. 1-22). Routledge.
- Karp, I. og Kratz, C. A. (2015). The Interrogative Museum. Í R. A. Silvermann (ritstjóri), *Museum as a Process: translating local and global knowledge* (bls. 279-298). Routledge.
- Kinsley, R. P. (2016). Inclusion in museums: A matter of social justice. *Museum Management and Curatorship*, 31(5), 474-490. <https://doi.org/10.1080/09647775.2016.1211960>
- Kirk, E. (2013). Gaining young children's perspectives on natural history collections. *Journal of Natural Science Collections*, 1, 38-43. https://www.natsca.org/sites/default/files/publications/Kirk%2C_E._2013.PDF
- Korff, G. (2005). Fragen zur Migrationsmusealisierung: Versuch einer Einleitung. Í H. Hampe (ritstjóri), *Migration und Museum: Neue Ansätze in der Museumpraxis* (bls. 5-15). Lit Verlag.
- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2009). Cultivating Culture? Images of Iceland, Globalization and Multicultural Society. Í Sverrir Jakobsson (ritstjóri), *Images of the North: Histories – Identities – Ideas* (bls. 205-216). doi:10.1163/9789042029064_020
- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2019). *Konur af erlendum uppruna: Hvar kreppir að?* Skýrsla unnin fyrir félagsmálaráðuneytið. <https://womeniniceland.is/wp-content/plugins/pdf-poster/pdfjs-new/web/viewer.html?file=https://womeniniceland.is/wp-content/uploads/2020/11/Konur-af-erlendum-uppruna-skyrsla-240220.pdf&nobaki=false&z=auto&stdono=&onlypdf=&raw=&fullscreen=1&sidebarOpen=false&side=false&open=false&hrscroll=>
- Krouse, S. A. (2006). Anthropology and the New Museology. *Reviews in Anthropology*, 35(2), 169-182. <https://doi.org/10.1080/00938150600698336>

- Lannes, P. og Rhodes, L. M. (2019). Museums as Allies: Mobilizing to Address Migration. *Journal of Museum Education*, 44(1), 4-12. <https://doi.org/10.1080/10598650.2018.1563453>
- Lanz, F. (2017). Staging Migration (in) Museums: A Reflection on Exhibition Design Practices for the Representation of Migration en European Contemporary Museums. *Museum and Society*, 14(1), 178-192. doi:10.29311/mas.v14i1.633
- Listasafn Íslands. (e.d.a). *Fræðslustarfsemi*. <https://www listasafn.is/laera/fraedslustarfsemi/>
- Listasafn Íslands. (e.d.b). *Leitaðu að list*. <https://www listasafn.is/list/safneign/?page=list&subpage=safneign&flokkur=artwork&leit=>
- Listasafn Íslands. (e.d.c). *Safneign*. <https://www listasafn.is/list/safneign/>
- Löbel, L. M., Kröger, H. og Tibubos, A. N. (2022). How Migration Status Shapes Susceptibility of Individuals' Loneliness to Social Isolation. *International journal of public health*, 67. <https://doi.org/10.3389/ijph.2022.1604576>
- Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012
- McCall, V. og Gray, C. (2013). Museums and the new museology: Theory, practice and organisational change. *Museum Management and Curatorship*, 29(1), 19-35. <https://doi.org/10.1080/09647775.2013.869852>
- Migration Museum. (e.d.). *About the Migration Museum*. <https://www.migrationmuseum.org/about-our-project/>
- Morse, N. (2020). *The Museum as a Space of Social Care*. Routledge. doi:10.4324/9781315461403
- National Museum of Women in the Arts. (e.d.). *Get the Facts*. <https://nmwa.org/support/advocacy/get-facts/>
- Network of European Museum Organisations. (2016). *Museums, migration and cultural diversity: Recommendations for museum work*. https://www.nemo.org/fileadmin/Dateien/public/NEMO_documents/Nemo_Museums_Migration.pdf
- Nolinske, T. (2024, 18. október). *Museum-Healthcare Partnerships: A Growing Initiative*. American Alliance of Museums.
- OECD. (2024). *Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland*. <https://doi.org/10.1787/96adc300-en>
- Oliver, J. og Murray, P. (2007). The arts, well-being and society. *Journal of Public Mental Health*, 6(4), 6-11. doi:<https://doi.org/10.1108/17465729200700022>

- Ólafur Pálsson. (2024). Alþjóðleg samvinna í Listasafninu á Akureyri. *MBL*.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/05/18/althjodleg_samvinna_i_listasafninu_a_akureyri/
- Pieterse, J. N. (1996). Multiculturalism and museums: Discourse about the other in the age of globalization. *Boekmancahier*, 7(28), 172-189. https://www.boekman.nl/wp-content/uploads/2012/01/bm28_nederveenpieterse.pdf
- Porsché, Y. (2018). Museums, the Public, and Immigration. Í Y. Porsché (ritstjóri), *Public Representations of Immigrants in Museums: Exhibition and Exposure in France and Germany* (bls. 13-79). Palgrave Macmillan.
- Radicalisation Awareness Network. (2019). *Health and Social Care – Alienation, Identity and Intercultural working*. https://home-affairs.ec.europa.eu/system/files/2019-12/ran_h-sc_alienation_identity_intercultural_working_helsinki_23-24_102019_en.pdf
- Raicovich, L. (2021). *Culture Strike: Art and Museums in an Age of Protest*. Verso.
- Reykjavík. (2023). *Fjölmenning og inngilding*. <https://reykjavik.is/fjolmenning>
- Safnalög nr. 141/2011
- Safnaráð. (e.d.). *Skilgreiningar: Safn*. <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/skilgreiningar/>
- Sandell, R. (2012). Museums and the Human Rights Frame. Í E. Nightingale og R. Sandell (ritstjórar), *Museums, Equality and Social Justice* (bls. 195-215). Routledge.
- Sandell, R. (1998). Museum as Agents of Social Inclusion. *Museum Management and Curatorship*, 17(4), 401-418. <https://doi.org/10.1080/09647779800401704>
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2024). *Inngilding: Draumurinn og veruleikinn*. Erindi á Farskóla safna og safnafólks.
https://www.academia.edu/125377072/Inngilding_Draumurinn_og_veruleikinn
- Simon, N. (2010). *The Participatory Museum*. Museum 2.0.
- Símey. (2021, 20. maí). *Vel heppnað nám um íslenska menningu og samfélag*.
<https://www.simey.is/is/um-simey/frettir/vel-heppnad-nam-um-islenskamenningu-og-samfelag>
- Símey. (e.d.). *Um Símey*. <https://www.simey.is/is/um-simey>
- SMK. (e.d.). *Sprogskoler*. <https://www.smk.dk/article/sprogskoler/>
- Statista. (2024). *Museums worldwide – statistics and facts*.
<https://www.statista.com/topics/7489/museums-worldwide/#topicOverview>

- Stefna Listasafna. (2022). *Samræmd safnastefna á sviði myndlistar*.
<https://stefnalistasafna.is/>
- Stick, M., Hou, F. og Kaida, L. (2021). *Self-reported loneliness among recent immigrants, long-term immigrants, and Canadian-born individuals*. Economic and Social Reports.
<https://doi.org/10.25318/36280001202100700001-eng>
- Stjórnarráðið. (2024a). *Móttaka flóttafólks*.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafolk/mottaka-flottafolks/>
- Stjórnarráðið. (2024b). *Pólskar rætur á Íslandi*.
<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/menningar-og-vidskiptaraduneytid/menningar-og-vidskiptaradherra/stok-raeda-menningar-og-vidskiptaradherra/2024/03/26/Polskar-raetur-a-Islandi/>
- Vlachou, M. (2019). Dividing issues and mission-driven activism: Museum responses to migration policies and the refugee crisis. Í R. R. Janes og R. Sandell (ristjórar), *Museum Activism* (bls. 47-57). Routledge.
- Whitehead, C., Mason, R., Eckersley, S. og Lloyd, K. (2015). Place, Identity and Migration and European Museum. Í C. Whitehead, S. Eckersley, K. Lloyd og Rhiannon Mason (ritstjórar), *Museums, Migration and Identity in Europe: People, Places and Identities* (bls. 7-60). Ashgate Publishing Limited.
- World Health Organization. (e.d.). *Constitution*.
<https://www.who.int/about/governance/constitution>
- World Health Organization. (2023). *Five key themes for improved mental health care for refugees and migrants*. <https://www.who.int/news/item/10-10-2023-five-key-themes-for-improved-mental-health-care-for-refugees-and-migrants>
- Young, L. (1999). Globalisation, culture and museums: A review of theory. *International Journal of Heritage Studies*, 5(1), 6-15.
<https://doi.org/10.1080/13527259908722242>
- Þjóðminjasafn Íslands. (e.d.). *Eldri sýningar*. <https://www.thjodminjasafn.is/syningar-vidburdir/sersyningar/eldri-syningar/>
- Þjóðskrá. (2024). *Erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi 1. ágúst 2024*.
<https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2024/08/20/Erlendir-rikisborgarar-busettir-a-Islandi-1.-agust-2024/>
- Þórgnýr Dýrfjörð. (2023, 6. janúar). *Akureyrarbær tekur á móti 350 flóttamönnum*. Akureyrarbær. <https://www.akureyri.is/is/frettir/akureyrarbaer-tekur-a-moti-350-flottamonnum>